

ÁSDÍS HELGA ÓSKARSDÓTTIR

„leiðin er innávið og uppímóti“.

Fjórða bylgja femínismans og íslenskar kvennabókmenntir¹

1. Inngangur

Árið 1980 birti Svava Jakobsdóttir grein sína, „Reynsla og raunveruleiki kvenna. Nokkrir þankar kvenrithöfundar“. Greinin hefst á upphafi óklár- aðrar smásögu sem segir frá konu sem er ein á gangi eftir myrkur. Hún mætir karlmanni og ákveður að ganga yfir götuna en hann fer sömu leið og er fljótari en hún. Hann stígur í veg fyrir hana og ítrekar fyrir henni að hann muni ekki gera henni mein vegna þess að hann sé ekki þess háttar karlmaður. Þegar hún reynir að komast fram hjá honum stígur hann í veg fyrir hana á nýjan leik og hún æpir upp yfir sig af skelfingu. Upphafið sækir Svava í eigin reynslu þar sem hún var ein á ferð í Stokkhólmi eftir að dimma tók og var á gangi í átt að hóteli þar sem hún gisti. Hún mætti ókunnugum karlmanni og gekk í kjölfarið „skáhallt yfir götuna og reyndi að sýnast róleg“² Hún lýsir því í smásögunni, með aðferðum fantasíunnar, hvernig hegðun mannsins endurspeglar innhverfðan reynsluheim konunnar í þessum aðstæðum – og

¹ Greinin er byggð á MA-ritgerð höfundar í íslenskum bókmenntum frá árinu 2019. Sjá Ásdís Helga Óskarsdóttir, „„leiðin er innávið og uppímóti“. Um fjórðu bylgju femínismans og íslenskar kvennabókmenntir“, meistararitgerð í íslenskum bókmenntum, *Skemman*, 2019, sótt 26. október 2021 af <https://skemman.is/handle/1946/32686>. Ritrynum og ritstjórum er þakkað fyrir ábendingar og athugasemdir.

² Svava Jakobsdóttir, „Reynsla og raunveruleiki. Nokkrir þankar kvenrithöfundar“, *Konur skrifa. Til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*, ritnefnd Valborg Bentsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Svanlaug Baldursdóttir, Reykjavík: Sögufélag, 1980, bls. 221–230, hér bls. 222.



hvernig sú hegðun hafi virst fjarstæðukennd en var þrátt fyrir allt möguleg á þeirri stundu sem hún mætti þessum ókunnuga karlmanni í Stokkhólmi. Ótti við þessa hegðun er því órjúfanlegur hluti kvenlægrar reynslu.³

Óttinn er enn til staðar þótt langt sé um liðið síðan grein Svövu birtist og ekki að ástæðulausu. Á haustmánuðum 2021 birtist til að mynda frétt um að nítján hafi leitað sér aðstoðar hjá neyðarmóttöku vegna hópnauðgana á árinu.⁴ Þá hefur mikil umræða myndast á samfélagsmiðlinum Twitter þar sem fólk deilir reynslu sinni af því að hafa verið byrjað ólyfjan á næturlífínu.⁵ Sú umræða kemur í kjölfar annarrar bylgju #MeToo á Íslandi sem segja má að hafi hafist um vorið 2021 en sú fyrri á haustmánuðum 2017.⁶

Femínískri þjóðfélagsumræðu hefur vaxið fiskur um hrygg síðustu ár. Breski bókmenntafræðingurinn Nicola Rivers velti því fyrir sér í bók sinni *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave* (2017) hvort aukin femínísk umræða í fjölmiðlum og poppkúltúr gæti verið til merkis um að fjórða bylgja femínismans væri að taka á sig mynd.⁷ Ekki ríkir fræðileg samstaða um það en hér verður reynt að færa rök fyrir því að fjórða bylgja femínismans hafi hugsanlega numið land á Íslandi árið 2009 og að hún hafi verið í mótun jafnt og þétt síðan. Líkamlegt myndmál í kvennabókmenntum á Norðurlöndum hefur jafnframt sótt í sig veðrið síðustu ár, rétt eins og kynferðis- og sjálfsvitundarþemu.⁸ Eins og Ása Arping bendir á í grein sinni „Krop + Sprog = Politik“ (2017) er samspil líkama og hugar ungum, dönskum skáldkonum hugleikið sem endurspeglast til dæmis í sjálfsævisögulegum verkum og blöndun listmiðla.⁹ Skáldskapur þeirra hverfist gjarnan um hinn lifandi lík-

³ Sama heimild, bls. 228.

⁴ Birna Dröfn Jónasdóttir, „Nítján leitað hjálpar vegna hópnauðgunar í ár“, *Frettabladid.is*, 26. október 2021, sótt 26. október 2021 af <https://www.frettabladid.is/frettir/nitjan-leitad-hjalpar-vegna-hopnaudgunar-i-ar/>.

⁵ Hulda Hrund Sigmundsdóttir, „Hvar varst þú statt...“, *Twitter*, 24. október 2021, sótt 26. október 2021 af https://twitter.com/hulda_hrund/status/1452342309782229007.

⁶ Arnar Þór Ingólfsson, „Þögnin rofin á ný“, *Kjarninn*, 8. maí 2021, sótt af <https://kjarninn.is/skyring/thognin-rofin-a-ny/> þann 30. október 2021; Andri Yrkill Vals-son, „Polendur stíga fram – „í þögguninni þrífst ofbeldi“, *RÚV*, sótt 30. október 2021 af <https://www.ruv.is/frett/2021/05/06/tholendur-stiga-fram-i-thogguninni-thrifst-ofbeldi>.

⁷ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the Arrival of the Fourth Wave. Turning Tides*, Cheltenham: Palgrave Macmillan, 2017, bls. 1, 7.

⁸ Ása Arping, „Krop + sprog = politik. Nordisk lyrik ved århundredskiftet“, *Nordisk kvindelitteraturhistorie. Over alle grænser 1990-2015*, ritstjóri Anne-Marie Mai, Odense: Syddanske Universitetsforlag, 2017, bls. 179–195, hér bls. 179.

⁹ Sama heimild, bls. 182-183. Arping nefnir skáldkonurnar Olgu Ravn (1986), Amalie

ama og kvenlægan reynsluheim.¹⁰ Hér verður litið á valin dæmi úr íslenskum kvennabókmenntum með hliðsjón af myndmáli sem tekur til líkamans og aðdraganda fjórðu bylgju femínismans í íslensku samfélagi.

Bókmenntadæmin eru afmörkuð við skáldkonur sem fæddar voru á árunum 1970–1995. Það er gert vegna þess að sá aldurshópur hefur alist upp við aðra bylgju femínismans, þriðju bylgjuna og póstfemínismann. Ekki er ætlunin að gera öllum skáldkonum úr þessum aldurshópi og femínískum verkum þeirra tæmandi skil og því verður lögð áhersla á valin ljóð og smásögur Svikaskálda, hópi skáldkvenna sem fæddar eru á árunum 1981–1992. Að auki verða valin dæmi úr skáldskap Auðar Jónsdóttur (1970) og ljóð Kristínar Eiríksdóttur (1981) tekin til athugunar. Sjónum verður beint að líkamlegu myndmáli í ljósi þess að femínískar aðgerðir nútímans snúast svo mjög um líkamann og sjálfsyfíráðarrétt kvenna yfir honum. Í því samhengi vega eftirfarandi atriði þungt: fegurðarkröfur og fullkonnunarárátta sem heftandi samfélagslegar kröfur til kvenna, ótti þeirra við ofbeldi, reiðin sem birtist í umræðu um skömm sem þolendur upplifa í kjölfar kynferðisofbeldis og uppgjör þeirra við allt ofantalið. Reiðin er nýtt til þess að marka yfirráðasvæði, að „taka sér pláss“ í karlmiðuðu samfélagi, og rýnt er í samtal skáldkvenna við fyrri kynslóðir kvenna með framangreind atriði í huga.

Í þessari grein er skoðað hvernig nýlegar kvennabókmenntir framan­greinds aldurshóps endurspeglar aukna femíníska þjóðfélagsumræðu í nútímanum. Þá verða einkenni póstfemínisma skoðuð og stiklað á stóru um áherslur og ávinninga fyrstu, annarrar og þriðju bylgju femínismans til þess að geta í stuttu máli dregið upp sögulegt landslag þeirra bókmenntadæma sem hér verða tekin til athugunar. Ætlunin er sannarlega ekki að gera íslenskri kvenfrelsisbaráttu tæmandi skil heldur frekar að sýna fram á að fjórða bylgja femínismans sé í raun hafin, að hún sprettur ekki upp úr tómarúmi og að aðdragandi hennar eigi rætur að rekja allt til hinnar fyrstu. Fyrst er þó vert að gera grein fyrir þeirri bylgjuskiptingu sem miðað er við.

1.1 Bylgjuskipting

Í greininni „Að gera til að verða. Persónusköpun í íslenskri kvennabaráttu“ (1994) eftir Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur kemur fram að fyrsta tímabil íslenskrar kvennahreyfingar vari frá 1870–1926 en eftir það sé lítil hreyfing

Smith (1985) og Asta Olivia Nordenhof (1988) sem dæmi í þessu samhengi. Olga Ravn fjallar um móðurhlutverkið í verki sínu *Mit arbejde* (2020) og Amalie Smith blandar gjarnan ljósmyndun, poppkúltúr og gjörningalist saman við skáldskap sinn.

¹⁰ Sama heimild, bls. 180.

á baráttunni þangað til annað tímabil hefst, frá 1970-1980, en hið þriðja „frá 1980 fram á þennan dag“.¹¹ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir skilgreina bylgjuskíptinguna einnig á þann veg að fyrsta bylgja hefjist „á miðri nítjándu öld“ og vari „fram á miðjan þriðja áratug síðustu aldar“¹² og benda jafnframt á að upphaf annarrar bylgju megi rekja til ársins 1970 en að þriðja bylgjan reki upphaf sitt til ársins 1990.¹³

Hér verður tekið undir það að tímabil fyrstu bylgjunnar sé frá síðari hluta nítjándu aldar og fram á þriðja áratug síðustu aldar. Í fyrstu bylgjunni náðist árangur í baráttu fyrir borgaralegum réttindum auk þess sem konur sameinuðust í stofnun ýmissa samtaka um einstök hagsmunamál.¹⁴ Konur hlutu kosningarétt og kjörgengi, fyrst árið 1915 öllum konum yfir fertugu til handa, rétt til þess að mennta sig, ásamt því að fyrsta verkakvennafélagið var stofnað á árið 1914.¹⁵ Kvenfrelsiskonan Bríet Bjarnhéðinsdóttir stofnaði Kvenréttindafélag Íslands árið 1907¹⁶ og Kvennaframbod var stofnað ári síðar. Í fyrstu bylgjunni buðu konur fram lista til alþingiskosninga og Ingi-björg H. Bjarnason komst á þing árið 1922, fyrst íslenskra kvenna.¹⁷ Kynferðismál voru ekki á dagskrá á þessari bylgju heldur voru þau tekin upp í annarri bylgju femínismans¹⁸ sem hér er gert ráð fyrir að hefjist upp úr 1960 með hinum miklu félagslegu hræringum á Vesturlöndum á þeim áratug og útgáfu bókar Betty Friedan, *The Feminine Mystique* (1963).¹⁹

¹¹ Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Að gera til að verða. Persónusköpun í íslenski kvennabaráttu“, *Fléttur 1. Rit rannsóknastofu í kvennafraeðum*, ritstjórar Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir, Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafraeðum, Háskóli Íslands og Háskólaútgáfan, 1994, bls. 87–114, hér bls. 89–91

¹² Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „„eins og að reyna að æpa í draumi.“ Inngangur að þema“, *Ritið* 3/2018, , bls. 1–15, hér bls. 7.

¹³ Sama heimild, bls. 9.

¹⁴ Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Að gera til að verða“, bls. 90–92.

¹⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „1916 – Hún fór að kjósa“, *Konur sem kjósa. Aldarsaga*, ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, Reykjavík: Sögufélag, 2020, bls. 33–89, hér bls. 73.

¹⁶ Sama heimild, bls. 67.

¹⁷ Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „Rétthæstar allra?“, *Konur sem kjósa. Aldarsaga*, Reykjavík: Sögufélag, 2020, bls. 15–27, hér bls. 18.

¹⁸ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „„eins og að reyna að æpa í draumi““, bls. 7–8.

¹⁹ Bókin náði til norrænna lesenda fram eftir sjöunda áratugnum, meðal annars með

Önnur bylgjan hefur verið rakin til *The Feminine Mystique*²⁰ sem hafði í för með sér öfluga kvennasamstöðu og vitundarvakningu um samfélagslega stöðu þeirra þar sem slagorðið „hið persónulega er pólitískt“ einkenndi tímabilið.²¹ Rauðsokkahreyfingin var svo stofnuð hér á landi árið 1970 sem var róttæk bæði í umræðum og aðgerðum og „áhrifamesti gerandinn í þeirri uppþokkun á kynjakerfinu sem hrundið var af stað á áttunda áratugnum.“²² Hreyfingin lét til sín taka í rétti kvenna til þess að ráða yfir eigin líkama og lífi,²³ en konur voru á þessum tíma að koma auga á margþætt kvennamiserétti á öllum sviðum samfélagsins, eins og Dagný Kristjánsdóttir hefur bent á.²⁴ Rauðsokkahreyfingin mótmælti fegurðarsamkeppnum af miklum krafti, barðist fyrir auknu aðgengi að getnaðarvörnum og rétti kvenna til þungunarrofs.²⁵ Hópur úr hreyfingunni umskrifaði danska fræðsluritið *Kvinde, kend din krop* (1975), sem nefnist *Nýi kvennafræðarinn – handbók fyrir konur á öllum aldri* (1981) á íslensku. Bókin vakti mikið umtal og þótti talsvert stuðandi en þar eru margvísleg málefni tengd líkamanum tekin fyrir; svo sem kynfæri, blæðingar, meðganga, fæðingar, kynferðisofbeldi og konur sem kynverur; sem lítið hafði verið fjallað um áður.²⁶ Kvennasögusafn Íslands var stofnað árið 1975 og kvennafrídagurinn 24. október var haldinn sama ár. Þá lögðu konur niður störf á vinnumarkaði, heimili og skólafundum og héldu baráttufund á Lækjartorgi í Reykjavík.²⁷ Bókmenntir kvenna skiptu

danskri þýðingu sem kom út árið 1964 (dk. *Farvel kvindesag?*), norskri þýðingu árið 1967 (nk. *Myten om kvinnen*) og sænskri árið 1968 (sv. *Den feminina mystiken*).

²⁰ Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans. Skáldkonan í þremur kvennageinum samtímans*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018, bls. 135–136.

²¹ Sue Thornham, „Second Wave Feminism“, *The Routledge Companion to Feminism and Postfeminism*, ritstjóri Sarah Gamble, London, New York: Routledge, 2001, bls. 29–42, hér bls. 30.

²² Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „1974 – Þær þorðu, vildu og gátu“, *Konur sem kjósa. Aldarsaga*, ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir. Reykjavík: Sögufélag, 2020, bls. 400–464, hér bls. 440.

²³ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „„eins og að reyna að æpa í draumi““, bls. 8.

²⁴ Dagný Kristjánsdóttir, „Eftirmáli – en ekki endir“, *Á rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá*, ritstjóri Olga Guðrún Árnadóttir, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, bls. 418–426, hér bls. 419.

²⁵ Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „1974 – Þær þorðu, vildu og gátu“, bls. 444–445.

²⁶ Sama heimild, bls. 446; Ingibjörg Þórisdóttir, „Kvennafræðarinn“, *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*, 29. apríl 2013, sótt 10. nóvember 2018 af <https://hugras.is/2013/04/kvennafrædarinn/>.

²⁷ Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „1974 – Þær þorðu, vildu og gátu“, bls. 400, 452.

máli í baráttu þeirra²⁸ eins og kvennabókmenntarannsóknir Helgu Kress og viðtökur þeirra sýndu á áttunda áratugnum.²⁹ Þá má einnig nefna að Rauðsokkahreyfingin naut jafnframt stuðnings skáldkvennanna Svövu Jakobsdóttur og Vilborgar Dagbjartsdóttur.³⁰

Hér verður miðað við að þriðja bylgjan reki upphaf sitt til níunda áratugarins, ekki síst til starfsloka Rauðsokkahreyfingarinnar árið 1982 og stofnun Kvænnaframboðs sama ár. Í þessari grein er gert ráð fyrir því að þriðja bylgja sé tvískipt og að hún nái yfir tímabilið 1980-2009. Í því sambandi er annars vegar átt við þriðju bylgju femínismans í tengslum við þá opinberu ávinninga sem náðust á tímabili hennar. Kvænnaathvarfið var stofnað árið 1982 og Stígamót árið 1989, konur héldu áfram að taka þátt í stjórnámum í krafti samstöðu, eins og bæði Kvænnaframboðið og Kvænnafræðingurinn (1983) sýndu, auk þess sem byrjað var að kenna kvænnafræði við Háskóla Íslands árið 1996, svo dæmi séu nefnd.³¹ Femínistafélagi Íslands var einnig komið á fót árið 2003 en félagið beindi sjónum sínum að staðalmyndum kynjanna, klámvæðingu og „kvenlægingu hins svokallaða „góðæris““.³² Hinsvegar er vísað til pósthfemínismans sem hluta af þriðju bylgjunni³³ og hér verður lögð áhersla á hann. Pólitískar sviptingar sem fólust í uppsveiflu hægrisinnaðra stjórnvalda á Vesturlöndum eru stór áhrifaþáttur í þessu sambandi en um

²⁸ Sama heimild, bls. 460.

²⁹ Helga Kress er brautryðjandi í íslenskum kvennabókmenntarannsóknum, en á árunum 1975, 1976 og 1977 birti hún þrjár femínískar bókmenntafræðigreinar í *Skírni*. Árið 1977 gaf hún einnig út bókina *Draum um veruleika*, smásagnasafn eftir íslenskar skáldkonur frá 19. öld fram til útgáfuársins með ítarlegum inngangi um íslenskar kvennabókmenntir. Skírnisgreinarnar ollu talsverðu fjaðrafoki en urðu einnig til þess að virkja kvennabókmenntarannsóknir hérlendis (Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til*, bls. 23–24). Svo dæmi sé nefnt um viðtökur rannsókna Helgu má nefna grein Vésteins Lúðvíkssonar, „Mikil vísindakona smíðar sér karldjöful“, *Tímarit Máls og menningar*, 1976, bls. 70–87. Vésteinn birti greinina til þess að bregðast við grein Helgu frá 1975 sem fjallaði um skáldsögu hans *Gunnar og Kjartan* (1971-1972) og bar heitið: „Kvenlýsingar og raunsæi. Með hlíðsjón af Gunnari og Kjartani eftir Véstein Lúðvíksson“, *Skírni*, 1975, bls. 73–112. Þar fjallar Helga um kvenlýsingar í bók Vésteins og samband þeirra við raunsæi. Vésteinn tekur býsna sterkt til orða í upphafi greinar sinnar og segir að honum blöskri „fáfræði, skilnings-skortur og óheidarleg vinnubrögð höfundar“ (bls. 70). Titillinn og þessi inngangs-orð setja tóninn fyrir greinina.

³⁰ Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til*, bls. 23–24.

³¹ Kvænnafræðin varð síðar að kynjafræði. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir, Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „eins og að reyna að æpa í draumi““, bls. 9.

³² Dagný Kristjánsdóttir, „Eftirmáli – en ekki endir“, bls. 423.

³³ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 15.

það leyti verður mikil viðhorfsbreyting til femínismans sem endurspeglast í póstfemínismanum,³⁴ sem er umdeilt hugtak innan femínískra fræða.³⁵

Bandaríska fræðikonan Rosalind Gill telur vænlegast að líta á hugtakið póstfemínisma sem „hugarfar“ (e. *sensibility*). Með þeim hætti er hugtakið ekki bundið við eina, ákveðna skilgreiningu. Að mati Gill ætti ekki að líta á póstfemínisma eingöngu sem bakslag í kvenfrelsisbaráttunni heldur sem þversagnakennda orðræðu sem rúmar bæði femínísk og andfemínísk þemu og í þeim skilningi sé póstfemínískt hugarfar samansett úr margvíslegum þáttum. Í því sambandi nefnir hún til að mynda það viðhorf að kvenleikinn sé metinn út frá líkamlegum eiginleikum. Póstfemínískt afþreyingarmenning er haldin þráhyggju gagnvart líkamanum, eins og Gill bendir á, og í stað þess að líta á félags- eða sálfræðilega þætti sem hluta af kvenleika, til dæmis móðurhlutverkið eða umhyggjusemi, er kynþokkafullur líkami í forgrunni þess sem telst kvenlegt.³⁶ Gill nefnir auk þess þá breytingu sem átt hefur sér stað í tengslum við hlutgervingu kvenna í afþreyingarmenningu samtímans. Konur hafi áður verið þögul, kynferðisleg viðföng karllægs augnarráðs (e. *male gaze*)³⁷ en með póstfemínismanum verður karllæga augnarráðið sjálfhverft eða narsissískt þar sem konur öðlast vald með útliti sínu og virðast kjósa sér hlutgervinguna.³⁸ Í þessum þáttum megi svo greina samsvörun við nýfrjálsbyggjuna, eins og Gill bendir á, enda séu bæði hugtök með sterk tengsl við einstaklingsbyggjuna. Póstfemínískt hugarfar getur því verið þversagnakennt, til dæmis í þeim skilningi að það getur bæði falið í sér valdeflandi orðræðu til ungra kvenna (e. *can-do girl power*) en haldið samtímis aftur af þeim með því að halda þeim í skefjum kynferðislegrar hlutgervingar og stífu eftirliti með eigin útliti, eins og nánar vikið verður að síðar.³⁹

³⁴ Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til*, bls. 28.

³⁵ Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 136.

³⁶ Rosalind Gill, „Postfeminist media culture. Elements of a sensibility“, *European journal of cultural studies*, 10: 2/2007, bls. 147–166, hér bls. 149.

³⁷ Fræg er grein kvikmyndafraeðingsins Lauru Mulvey um hið karllæga augnaráð, „Visual pleasure and narrative cinema“, *Screen* 16: 3/1975, bls. 6–18. Hugtakið lýsir því þegar kvenlíkamar eru skoðaðir frá sjónarhorni karlmanns í listum og bókmenntum, þar sem konunni er stillt upp sem viðfangi karllægrar, gagnkynhneigðrar þrár. Þannig er hún gerð að viðfangi fyrir karllæga linsu, fyrir áhorfandann og fyrir þá kvikmyndapersónu sem áhorfandinn speglar sig í hverju sinni.

³⁸ Rosalind Gill, „Postfeminist media culture. Elements of a sensibility“, bls. 151–152; Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 138.

³⁹ Rosalind Gill, „Postfeminist media culture. Elements of a sensibility“, bls. 148–149; 151; 163–164. Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 16. Sjá einnig Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 137–138.

Breski bókmenntafræðingurinn Nicola Rivers telur jafnframt að það henti vel að líta á pósthfemínisma sem hugmyndafræðilega uppstokkun sem á rætur í fyrri bylgjum en kemur upp á yfirborðið á þeim tíma sem kenndur er við þriðju bylgju femínismans. Rivers byggir sína rannsókn á þessari nálgun sem og pósthfemínisma sem hugarfari, eins og Gill gerir, einkum vegna þess hve útbreiddur hann er innan poppmenningarinnar⁴⁰ og þeirri afstöðu er jafnframt fylgt hér. Eins og Rivers bendir á er poppmenningin svo samofin þessu pósthfemíniska hugarfari að erfitt er að átta sig á hvar pósthfemínismi endar og fjórða bylgja taki við, einkum vegna tengsla fjórðu bylgju við poppkúltúrinn.⁴¹

Hér verður engu að síður gerð tilraun til þess – og miðað er við árið 2009 sem þann tímupunkt í íslenskri kvennabaráttu sem fjórða bylgja femínismans fer að taka á sig mynd, eins og nánar verður fjallað um í næstu köflum, en í síðari hluta greinarinnar verða tekin dæmi um birtingarmyndir hennar í íslenskum kvennabókmenntum.

1.2 Pósthfemínismi og myndun fjórðu bylgju

Susan Faludi færði rök fyrir því í bók sinni, *Backlash* (1992) að feðraveldið hafi snúist til gagnárásar eftir uppgang femínismans á áttunda og níunda áratugnum; það hafi verið varnarviðbrögð feðraveldisins sem óttaðist valdaskerðingu og pósthfemínisminn hafi tekið sér stöðu með reiði þeirra og höfnun. Pósthfemínistar hafi þannig aðgreint sig frá óvinsælum femínistum annarrar bylgjunnar.⁴² Þetta endurspeglast meðal annars í því að margir hafa verið tilbúnir til þess að skilgreina sig sérstaklega sem jafnréttissinna fremur en femínista.⁴³ Sem fyrr segir er pósthfemínismi afar umdeilt hugtak, en eins og Alda Björk Valdimarsdóttir hefur bent á er hann, „[b]urtséð frá öllum ágreiningi [...] hluti af nútímalegu samfélagi nýfrjálshyggju og síðkapítalisma – og tilheyrir sem slíkur neyslumeningu, einstaklingshyggju og póstmóðernisma“⁴⁴, auk þess sem hann einkennist af „minnkandi áhuga á stofnanabundnum stjórn málaum og „aktívisma“ – eða „aðgerðarstefnu.“⁴⁵

⁴⁰ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 16.

⁴¹ Sama heimild, bls. 16.

⁴² Sarah Gamble, „Postfeminism“, bls. 45–46, 48. Sjá Susan Faludi, *Backlash. The undeclared war against women*, London: Chatto & Windus, 1992.

⁴³ Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða? Um þáttaskil í íslenskri jafnréttisumræðu“. *Ritið* 2/2002, bls. 9–37, hér bls. 9.

⁴⁴ Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 136.

⁴⁵ Sama heimild, bls. 136.

Hér framar var vísað í Rosalind Gill sem benti á að kvenleikinn hafi í auknum mæli verið metinn út frá líkamleika með pósthfémínismanum. Í kjölfarið varð til einsleit fegurðarímynd í formi ungrar, hvítrar og kynþokkafullrar konu en kynferðisleg tjáning kvenna var talin fémínískt framfaraskref sem fyrr segir⁴⁶ sem fjölmiðlar áttu sinn þátt í að magna upp með hinu karllæga augnarráði (e. *male gaze*).⁴⁷ Grundvallarmunur annarrar bylgju fémínisma og pósthfémínisma felst í því hvort eigi að skoða stöðu konunnar sem einstaklings, eins og pósthfémínismi gerir, eða sem samfélagsmál eins og hugmyndafræði annarrar bylgju gerir ráð fyrir.⁴⁸ Valfrelsi einstaklingsins í anda hægrisinnaðrar hugmyndafræði markaðsafla er í hávegum haft innan pósthfémínismans⁴⁹ en markaðsöflin nýta sér gjarnan pósthfémínískar áherslur á konuna sem kynveru og kynþokka hennar og nota fémínísk markmið á borð við frelsi og sjálfstæði í auglýsingum.⁵⁰ Pósthfémínistar eiga það einnig til að hafna hverskyns hugmyndum og tali um konuna sem fórnarlamb; konur séu sterkar og beri ábyrgð á sér sjálfar. Sarah Gamble hefur bent á að þess vegna sjái ýmsir pósthfémínistar til dæmis ekki ástæðu til þess að taka frásagnir kvenna um stefnumótanaudganir (e. *date-rape*) alvarlega.⁵¹ Slíkar frásagnir vekja gjarnan með þeim þau viðbrögð að afskrifa þær sem „fórnarlambsfémínisma í anda annarrar bylgju“ eða tilraunir til þess að spinna upp samfélagsleg vandamál sem eru löngu útrædd og leyst. Margar konur hafa þó í gegnum tíðina óttast að segja frá þeim nauðgunum sem þær hafa orðið fyrir einmitt vegna slíkra viðhorfa og þeirrar pósthfémínísku orðræðu sem afskrifar þær sem fórnarlömb.⁵²

⁴⁶ Rosalind Gill, „Postfeminist media culture. Elements of a sensibility“, bls. 149; Alda Björk Valdimarsdóttir, „„Ég er ekki þunn!““. Tobba Marinós, kvenfrelsisumræðan og íslensk skvísumenning“. *Fléttur III. Jafnrétti, menning, samfélag*, ritstjóri Annadís Gréta Rúdólfssdóttir, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir, Reykjavík: Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum, Háskólaútgáfan, 2014, bls. 11–34, hér bls. 13. Frægasta fjölmenningardæmið um þetta er líklega sjónvarpsþátturinn *Beðmál í borginni* (e. *Sex and the City*) sem var á dagskrá á árunum 1998–2004. Þátturinn fjallar um fjórar, ungar, hvítar konur á framabraut, en líf þeirra snýst að mestu um karlmenn, kynlíf og ástina. Sjá einnig Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 133–170.

⁴⁷ Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 136; Alda Björk Valdimarsdóttir, „„Ég er ekki þunn!““, bls. 14.

⁴⁸ Alda Björk Valdimarsdóttir, „„Ég er ekki þunn!““, bls. 12.

⁴⁹ Sama heimild, bls. 12.

⁵⁰ Alda Björk Valdimarsdóttir, *Jane Austen og ferð lesandans*, bls. 139.

⁵¹ Sarah Gamble, „Postfeminism“, bls. 43.

⁵² Orðin um „fórnarlambsfémínisma“ í þessu samhengi eru rakin til bandarísku fræði-

Síðustu misseri hefur femínísk umræða verið hávær og fyrirferðarmikil á samfélagsmiðlum auk þess sem femínísk blogg hafa sótt í sig veðrið og verið nútímafemínisma mikil búbot.⁵³ Hér á Íslandi má nefna sem dæmi vefritið *Knúz*⁵⁴ sem stofnað var árið 2011 og femíníska vefritið *Flóra útgáfa*, sem síðar varð að *Víu*.⁵⁵ Sem fyrr segir hefur póstfemínismi verið miðlægur í femínískri umræðu nútímans vegna sterkrar tengingar sinnar við popp-menningu. Nicola Rivers telur einmitt að sú staðreynd að poppstjörnur, sem njóta vinsælda um heim allan, skilgreini sig nú sem femínista eftir að hafa forðast það sem heitan eldinn að hætti póstfemínískrar orðræðu sé vís-bending um að teikn séu á lofti um upphaf nýrrar bylgju.⁵⁶ Þá séu tækifæri í nútímahræringum femínismans sem felast í samtvinnun (e. *intersectionality*) og aðgerðahyggju þvert á kynslóðir (e. *intergenerational activism*),⁵⁷ sem vikið verður nánar að í næsta kafla.

Samtvinnun er mikilvægt hugtak í tengslum við fjórðu bylgju femínismans en bandaríski femínistinn Kimberle Crenshaw kynnti hugtakið upphaflega í grein árið 1989 þar sem því var ætlað að undirstrika mikilvægi reynsluheims svartra kvenna í femínískum rannsóknum.⁵⁸ Í dag er hugtakið notað fyrst og fremst sem ákall um að femínísk barátta einskorðist ekki við hvítar konur af millistétt og taki til athugunar breytur á borð við kynþátt, stétt, kynhneigð, kynvitund og fötlun en setningin: „skoðaðu forréttindin þín“ (e. „*check your privilege*“) er gjarnan sögð í því sambandi.⁵⁹ Hér gefst ekki rými til þess að fjalla um samtvinnun í löngu máli en þó má

konunnar Camille Paglia, sem telur að frásagnir kvenna af (stefnumóta)nauðgunum séu til marks um afturför til annarrar bylgju femínisma. Sjálf segist Paglia aðhyllast svokallaðan „Amazon-femínisma“ (e. *Amazon feminism*) eða „götugreindar-femínisma“ (e. *street-smart feminism*) sem hún segir fela í sér hæfni til þess að verja sig frá árásum og bera ábyrgð á eigin hegðun, sem undirstrikar hina póstfemínísku orðræðu um að femínismi og femínistar séu í raun vandamálið. Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 143–145.

⁵³ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 107–108.

⁵⁴ *Knúz – femínískt vefrit*, sótt 15. maí 2022 af <https://www.knuz.wordpress.com>.

⁵⁵ *Vía*, sótt 15. maí 2022 af <https://www.via.is/>.

⁵⁶ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 58. Rivers nefnir söngkonurnar Beyoncé Knowles og Taylor Swift sem dæmi í þessu samhengi auk þess sem hún bendir á Beyoncé sem femíníska ímynd hinnar fjórðu bylgju (bls. 1, 7).

⁵⁷ Sama heimild, bls. 148–149.

⁵⁸ Kimberle Crenshaw, „Demarginalizing the Intersection of Race and Sex. A Black Feminist Critique of Antidiscrimination Doctrine, Feminist Theory and Antiracist Politics“, *University of Chicago Legal Forum*, 8: 1/1989, bls. 139–168.

⁵⁹ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 96.

benda á að hún hefur hlotið gagnrýni þrátt fyrir þau jákvæðu skilaboð sem í henni felast. Gallinn er sá að konur í forréttindastöðu slái hugtakinu upp sem pólitískri sjálfsskilgreiningu en sleppi allri innri sjálfsskoðun um stétt og stöðu sem getur haft í för með sér frekari aðgreiningu milli hópa sem hún ætlaði að draga úr. Hugtakinu hefur raunar stundum verið stillt upp við hlið orðsins „fjölbreytileiki“ (e. *diversity*) og samasemmerki sett þar á milli en það getur orðið til þess að fjórðu bylgju femínistar láti sig hugtakið varða einungis á femínískum fjöldaviðburðum á borð við Druslugönguna. Því er afar mikilvægt að vanda til verka í þessum efnum og sjá til þess að samvinnun sé bæði í orði og borði í femínískum aðgerðum nútímans.⁶⁰

1.3 Mæðgur og bylgjur

Þegar ágreiningur verður á milli femínista sem ekki eru af sömu kynslóð eiga fjölmiðlar það til að draga upp einfalda mynd af skoðanaskiptunum og slá því upp sem frétt að tveir femínistar séu ósammála. Slíkt kemur engri femínískri umræðu að gagni en Þórðargleði póstfemínista er fyrirsjáanlegur fylgifiskur þess að femínistar og konur rífast, eða að einhver átök séu innan femínismans, vegna þess að það styður kenningu þeirra um femínismann sem úrelta hugmyndafræði.⁶¹ Með uppreisn póstfemínismans gegn annarri bylgjunni var hafin upp gömul staðalímynd femínistans sem var iðulega sýnd sem karlhatandi, kynköld, ljót og leiðinleg kona sem ekki þótti eftirsóknarvert að láta bendla sig við.⁶² Annarrar bylgju femínistar hafa jafnframt gagnrýnt konur sem markaðssetja sig undir formerkjum póstfemínismans.⁶³ Þessari gagnkvæmu höfnun hefur gjarnan verið líkt við dramatískt mæðgnasamband; póstfemínistar séu í þeirri líkingu uppreisnargjarnar dætur sem hafni hugmyndafræði mæðra þeirra af annarri bylgjunni.⁶⁴ Í þeirri uppreisn lögðu ungu konurnar aukna áherslu á valdeflingu og endurheimt kvenleika og kynferðis.⁶⁵ Gallinn við þessa líkingu er þó sá að með því að leggja of mikla áherslu á mæðgnanálgun innan femínískra fræða geti það grafið und-

⁶⁰ Sama heimild, bls. 97, 122–123 og bls. 148–152.

⁶¹ Sama heimild, bls. 50.

⁶² Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 29, 57.

⁶³ Alda Björk Valdimarsdóttir, „Ég er ekki þunn!“, bls. 33.

⁶⁴ Dagný Kristjánsdóttir, „Jeg – eller mor. Om mor-datter konflikter hos Auður Jónsdóttir“, *Nordisk kvindelitteraturhistorie. Over alle grænser 1990-2015*, ritstjóri Anne Marie Mai, Odense: Syddansk Universitetsforlag, 2017, bls. 65–75, hér bls. 67–68; Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 30.

⁶⁵ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 30.

an kynslóðabreidd í femínískum aðgerðum, umræðum og rannsóknum.⁶⁶ Femínismi hefur aldrei haft einsleita eða samræmda hugmyndafræði, sem er í sjálfu sér ekki alsæmt, og hugmyndin um að slíkt sé yfirhöfuð hægt er raunar umdeilanleg.⁶⁷ Konur eru heldur ekki einsleitur samfélagshópur og ein stefna öllum konum til handa er óhugsandi.

Raunar getur verið varasamt að nota bylgjulíkinginuna yfirhöfuð sem hefur löngum þótt gagnleg til þess að lýsa þeim breytingum sem orðið hafa í alþjóða- og nærsamfélögum í kjölfar kvennahreyfinga sögunnar. Eins og Rivers bendir á er flóknara en svo að hægt sé að tala um femíníska hugmyndafræði sem línulega þróun og betra væri að líta á þróun hennar sem svo að hver og ein bylgja byggi á þeirri sem á undan kom og áherslur þeirra allra blandist svo saman.⁶⁸ Bylgjulíkingin gæti jafnvel þannig gert meira ógagn en gagn en á meðan hið tilfinningaþrungna mæðgnasamband sem dregið er upp í umræðu um bylgjur femínismans heldur velli er sögunni um femínismann sem línulega hugmyndafræði haldið við.⁶⁹ Kvennabókmenntir þess aldurshóps sem hér er til umfjöllunar fjalla oft um mæðgnasambönd og skáldkonurnar gera tilraunir til þess að brúa kynslóðabilið eins og vikið verður að síðar.

⁶⁶ Sama heimild bls. 30, 38.

⁶⁷ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 2–3.

⁶⁸ Sama heimild, bls. 20, 29

⁶⁹ Sama heimild, bls. 50. Eins og Nicola Rivers fjallar um vekur þetta sérstaka athygli þegar um raunverulegt mæðgnasamband er að ræða þar sem móðirin er frægur annarrar bylgju femínísti, eins og í tilfelli mæðgnanna Alice Walker (f. 1944), rithöfundar, og dóttur hennar Rebeccu Walker (f. 1969). Rebecca boðaði komu þriðju bylgjunnar í grein sem hún birti árið 1992 og hét einfaldlega „Ég er þriðja bylgjan“ og skrifaði síðar um það að femínísk hugmyndafræði Alice hafi litað allt hennar líf. Henni hafi til dæmis ekki verið leyft að leika sér með tuskudýr og dúkkur af ótta Alice um að það myndi vekja hjá dótturinni móðureðli síðar meir. Rebecca ítrekaði sömu frásögn af sambandi þeirra í grein frá 2008 og ennfremur að vegna þess að hún hafi gagnrýnt hugsjónir móður sinnar hafi orðið sambandslit á milli þeirra. Alice Walker svaraði seinna fyrir sig og sagði málflutning Rebeccu helber ósannindi sem hefðu sært hana mjög (bls. 16–17). Sjá einnig Alice Walker, „Taking care of the truth – Embedded Slander. A Meditation on the Complicity of Wikipedia“, *Alice Walker: The Official Website*, 29. mars 2013, sótt 7. ágúst 2018 af <https://alicewalkers-garden.com/2013/03/taking-care-of-the-truth-embedded-slander-a-meditation-on-the-complicity-of-wikipedia/> og Rebecca Walker, „How my mother’s fanatical views tore us apart“, *Daily Mail*, 23. maí 2008, sótt 7. ágúst 2018 af <https://www.dailymail.co.uk/femail/article-1021293/How-mothers-fanatical-feminist-views-tore-apart-daughter-The-Color-Purple-author.html>.

2. *Fjórða bylgja nemur land á Íslandi (2009)*

Sem fyrr segir setti Rauðsokkahreyfingin kynferðisofbeldi og önnur málefni tengd kvenlíkamanum rækilega á dagskrá í annarri bylgju femínismans. Sú barátta hafði í för með sér meiri umræðu í samfélaginu um slík mál en áður en eins og Guðrún Steinþórsdóttir hefur bent á var það ekki fyrr en í kjölfar annarrar bylgjunnar á níunda áratug síðustu aldar sem kynferðisofbeldi varð hluti af íslenskri þjóðfélagsumræðu.⁷⁰ Í greininni „sambýliskonur [...] í sama kroppi, í sama höfði, í sama blóði“ (2019) fjallar Guðrún um skáldævisöguna *Dísusögu. Konuna með gulu töskuna* (2013), eftir Vigdísí Grímsdóttur, sem segir á skáldlegan hátt frá afleiðingum nauðgunar sem Vigdís varð fyrir sem barn. Í greininni minnir Guðrún auk þess á viðtökurnar sem eldri skáldsaga Vigdísar fékk, *Ég heiti Ísbjörg. Ég er ljón* (1989). Sú bók segir frá kynferðisofbeldi, afleiðingum og úrvinnslu þess með opinskáum hætti og varð afar vinsæl hjá tilteknum hópi fólks en Vigdís varð jafnframt fyrir árásum og líflátshótunum í kjölfar útgáfunnar sem sýndi að þrátt fyrir öflugt kvennabaráttustarf fyrri ára voru sannarlega ekki allir reiðubúnir til þess að hleypa málefnum á yfirborðið.⁷¹ *Myndin af pabba. Saga Thelmu* vakti einnig gífurlegt umtal þegar hún kom út árið 2005 en þar skrifar Gerður Kristný um sögu Thelmu Ásdísardóttur og segir frá kynferðisofbeldi sem faðir Thelmu og fleiri karlmenn beittu hana sem barn árum saman.⁷² Bókin vakti mikla athygli og hlaut Gerður Blaðamannaverðlaun Íslands árið 2006 fyrir hana. Soffía Auður Birgisdóttir hefur bent á að bókin hafi „breytt viðhorfi og stuðlað að endurskoðun á meðferð dómsmála í málefnum kynferðisofbeldis“⁷³ en Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, hefur þó sagt að fjallað

⁷⁰ Guðrún Steinþórsdóttir, „sambýliskonur [...] í sama kroppi, í sama höfði, í sama blóði“. Um samband Dísu og Gríms í *Dísusögu* eftir Vigdísí Grímsdóttur“. *Ritið* 1/2019, bls. 41–78, hér bls. 42–44.

⁷¹ Sama heimild, bls. 42–44.

⁷² Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina. Ofbeldi, ábyrgð og femínísk fagurfræði í *Drápu* eftir Gerði Kristnýju“, *Ritið* 3/2018, bls. 1743, hér bls. 18. Alda Björk og Guðni benda jafnframt á að *Myndin af pabba. Saga Thelmu* hafi verið hluti af tíu ára tímabili Gerðar á árunum 1994–2004 þar sem hún rannsakaði og skrifaði um ofbeldi gegn konum (bls. 18).

⁷³ Ritdómurinn var upphaflega birtur í *Morgunblaðinu* árið 2005 en var endurbirtur á *Skáld.is* árið 2019, þar birtast orð Soffíu Auðar sem vitnað er til. Sjá Soffía Auður Birgisdóttir, „Myndin af pabba. Saga Thelmu“, *Skáld.is*, 17. mars 2019, sótt 20. maí 2022 af <https://www.skald.is/single-post/2019/03/17/myndin-af-pabba-saga-thelmu>. Sjá einnig Soffía Auður Birgisdóttir, „Myndin af pabba. Saga Thelmu“, *Morgunblaðið*, 22. október 2005, bls. 28.

hefði verið um mál Thelmu eftir útgáfu bókarinnar eins og það hefði verið einstakt.⁷⁴

Sem fyrr segir er hér miðað við árið 2009 sem upphafsár fjórðu bylgjunnar en svo virðist sem heildstæð, opinber þjóðfélagsumræða um kynferðisbrot með gagnrýnum hætti hafi færst í aukana jafnt og þétt frá því ári. Árið 2009 gaf Þórdís Elva Þorvaldsdóttir til að mynda út bók sína *Á mannamáli. Brotin, dómarnir, aðgerðirnar og umræðan*, þar sem hún fjallar um kynferðisofbeldi í samfélagslegu samhengi með því að skoða meðhöndlun slíks ofbeldis í réttarkerfi og almenningsumræðu. Þar gagnrýnir Þórdís dómskerfið fyrir niðurfellingu fjölmargra nauðgunarkæra en bókin hefur verið talin eitt heildstæðasta ritið um þetta málefni.⁷⁵ Þórdís vakti jafnframt athygli á þeirri neikvæðu orðræðu og skömm sem tengd er umræðu um kynfæri kvenna í daglegu tali og benti á að sambærilega orðræðu megi ekki greina um kynfæri karla.⁷⁶ Hún nefnir auk þess að brotaþolar kynferðisofbeldis upplifi gjarnan að þeir hafi ekki brugðist „rétt“ við ofbeldinu sem leiði af sér sjálfsáskanir og skömm⁷⁷ og ítrekar jafnframt rétt fólks til þess að hætta við kynferðislegar athafnir sem höfðu áður verið samþykktar.⁷⁸ Þórdís heimsótti framhaldsskóla víða um land til þess að fylgja útgáfu bókar sinnar eftir og flutti þar fyrirlestra.⁷⁹

Áherslur Druslugöngunnar, sem gengin var í fyrsta sinn á Íslandi ári eftir útgáfu *Á mannamáli*, og femínískar aðgerðir á samfélagsmiðlum fela jafnframt í sér mikilvægi þess að konur finni ekki til skammar yfir eigin líkama, klæðaburði eða hegðun og enn síður yfir því að hafa orðið fyrir ofbeldi,

⁷⁴ Sunna Ósk Logadóttir, „Þegar dætrum mínum var ógnað, náðu þeir mér“, *Kjarninn*, 11. júlí 2020, sótt 20. maí 2022 af <https://kjarninn.is/skyring/2020-07-10-thegar-daetrum-minum-var-ognad-nadu-their-mer/>.

⁷⁵ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „„eins og að reyna að æpa í draumi“, bls. 1–15, hér bls. 11.

⁷⁶ Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, *Á mannamáli. Brotin, dómarnir, aðgerðirnar og umræðan*, Reykjavík: JPV, 2009, bls. 10–15.

⁷⁷ Sama heimild, bls. 60.

⁷⁸ Sama heimild, bls. 15.

⁷⁹ Sjá til dæmis fréttatilkynningu á heimasíðu Menntaskólans á Akureyri þar sem tekið er fram að Þórdís hafi náð „greinilega mjög vel til áheyranda, sem spurðu margs bæði á meðan fyrirlestrinum stóð og einnig á eftir“ („Á mannamáli í Kvosinni“, *Menntaskólinn á Akureyri*, 9. febrúar 2010, sótt 20. febrúar 2018 af <https://www.ma.is/is/frettir/a-mannamali-i-kvosinni>). Á vefsíðu Borgarholtsskóla má jafnframt finna fréttatilkynningu um fyrirlestur Þórdísar í skólanum, sjá „Jafnréttisdagur“, *Borgarholtsskóli*, 9. mars 2010, sótt 10. nóvember 2021 af <https://www.bhs.is/skolinn/frettir/nr/1475>.

líkt og Þórdís fjallaði um í bók sinni. Rithöfundurinn Steinar Bragi hefur einnig tekið skýrt fram í viðtali við *Vísi* að *Á mannamáli* hafi haft sterk áhrif á hann.⁸⁰ Kata, söguhetja samnefndrar skáldsögu hans (2014), fyllist innblæstri við lestur bókarinnar og Björn Þór Vilhjálmsson hefur bent á að hún hafi haft í för með sér „róttaka viðhorfsbreytingu“ hjá Kötunni.⁸¹ Ólgandi bræði hennar gagnvart nauðgurum og morðingjum dóttur hennar fer stigvaxandi og endar í blóðugri hefnd hennar.⁸²

Óhætt er að segja að sá feminísmi sem nú er í algleymingi í íslenski þjóðfélagsumræðu feli í sér vitundarvakningu um hve útbreitt kynferðisofbeldi sé í raun og veru og mikilvægi þess að þolendur slíks ofbeldis „skili skömminni“ til gerenda sinna. Þá er einnig hamrað á rétti kvenna til þess að „taka pláss“ í margvíslegum skilningi og þá áherslu má sjá á samfélagsmiðlum. Samstaða ólíkra kvenna og nethópar eru mikilvægir í þessu samhengi sem er í beinni andstöðu við einstaklingshyggju póstfemínista.⁸³ Svo dæmi sé tekið úr dægurmenningu Íslands um samstöðuáherslu má nefna rapphljómsveitina Reykjavíkurdætur sem var búin til úr mörgum, fámennum rappdúóum- og hópum sem sameinuðust í hópi þrettán kvenna árið 2013.⁸⁴ Árið 2015 bar atriði Hagaskóla, „Elsku stelpur“, sigur úr bítum í Skrekki, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur, en þar var á ferðinni stór hópunglingsstúlkna sem flutti samnefnt slamljód og dansatriði. Atriðið er ádeila á útlits- og hegðunarkröfur sem gerðar eru til stelpna og endar á samstöðuakalli í anda annarrar bylgju. Hagaskólastelpur minna kynsystur sínar á fyrri bylgjur, einkum rauðsokkana, og ganga þannig þvert á póstfemíníska orðræðu: „En við biðjum ykkur stelpur, / að halda alltaf áfram, / að gleyma ekki skiltunum / sem stóðu upp úr göngum / að gleyma ekki konunum / sem hrópuðu í myrkri [...]“.⁸⁵

⁸⁰ Friðrika Benónýsdóttir, „Eðlilegt að vilja drepa gerandann“, *Vísir* 11. október 2014, sótt 24. janúar 2019 af <https://www.visir.is/g/2014710119983/>.

⁸¹ Björn Þór Vilhjálmsson, „Stríð gegn konum. Kata og nauðgunarmenning“, *Ritið* 3/2018, bls. 125–149, hér bls. 131.

⁸² Steinar Bragi, *Kata*, Reykjavík: Mál og menning, 2015.

⁸³ Alda Björk Valdimarsdóttir, „Ég er ekki þunn!““, bls. 12.

⁸⁴ Ólöf Skaftadóttir, „Frumstýnt á Vísi. Þú gætir fengið femínistablæti ef þú horfir á þetta vídjó“, *Vísir* 20. desember 2013, sótt 13. október 2018 af <https://www.visir.is/g/2013131229903>.

⁸⁵ Una Torfadóttir, „Elsku stelpur“, *Knúz – femínískt vefrit*, 17. nóvember 2015, sótt 13. nóvember 2018 af <https://knuz.wordpress.com/2015/11/17/elsku-stelpur/>. Nokkrum árum eftir siguratriðið má auk þess greina sambærilegan eða tengdan boðskap í fleiri atriðum hæfileikakeppinnar, eins og sjá mátti til dæmis á Skrekki 2021 í atriðunum „Fokk þöggun“ frá Hagaskóla („Skrekkur 2021. Hagaskóli: Fokk þöggun“, *RÚV* 8.

2.1 Druslugangan (2011-)

Druslugangan (e. *SlutWalk*) er femínísk fjöldahreyfing sem á upptök sín í Toronto í Kanada. Þar mótmæltu konur ummælum lögreglumanns sem hafði ráðlagt nemendum Háskólans í York að til að koma í veg fyrir að verða fyrir kynferðisofbeldi ættu konur að hætta að klæða sig eins og druslur og vísaði þannig í framangreinda fordóma. Gangan var upphaflega aðgerð til að endurheimta og endurskilgreina orðið „drusla“. ⁸⁶ Á Íslandi hefur Druslugangan verið gengin einu sinni á ári frá 2011 ⁸⁷ og áherslur fyrstu göngunnar fólu að miklu leyti í sér mikilvægi þess að þolandi kenni sér ekki um ofbeldið sem hann hefur orðið fyrir. Ábyrgð ofbeldisins eigi að hvíla á herðum gerandans og ítrekað var að klæðaburður þolanda og hegðun gildi engu í því samhengi. Með tíð og tíma hafa áherslurnar þróast en þræðir þeirra virðast þó liggja til þeirrar grundvallaríttekunar að þolandi kynferðisofbeldis skuli ekki skammast sín fyrir ofbeldið sem hann varð fyrir og mikilvægi þess að

nóvember 2021, sótt af 22. maí 2022 af <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/skrekkur-2021/32514/9m2fhu>), „Strákarnir okkar“ frá Ingunnarskóla („Skrekkur 2021. Ingunnarskóli: Strákarnir okkar“, *RÚV* 8. nóvember 2021, sótt af <https://www.ruv.is/ungruv/spila/skrekkur-2021/32514/9m2fhu>) og „Í skugga ofbeldis“ frá Austurbæjarskóla („Skrekkur 2021. Austurbæjarskóli: Í skugga ofbeldis“, *RÚV*, 8. nóvember 2021, sótt 22. maí 2022 af <https://www.ruv.is/ungruv/spila/skrekkur-2021/32514/9m2fhq>) svo nokkur dæmi séu nefnd. Dansatriðið *GRRRLS* eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og sautján unglingsstúlkur á aldrinum þrettán til sextán ára mætti jafnframt taka sem annað dæmi í þessu samhengi. Titill verksins er skírskotun til Riot Grrrl, femínískrar pönkhreyfingar frá tíunda áratugnum, og bendir til þess að verkið hverfist um hugar- og reynsluheim unglingsstelpna (Guðrún Jóna Stefánsdóttir, „Sýningin sem kom skemmtilega á óvart“, *Vísir*, 20. apríl 2017, sótt 1. mars 2019 af <https://www.visir.is/g/2017170429852>). Una Barkardóttir, ein stúlkanna sem kom að verkinu, segir að það sé tileinkað „mörgum konum í veröldinni“ sem „standa með sjálfum sér og tala um það sem er mikilvægt“ (Una Barkardóttir, „GRRRLS“, *Ég er drusla*, ritstjórar Gréta Þorkeldsdóttir, Hjalti Vigfússon og Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir, Reykjavík: Salka, 2017, bls. 152.)

⁸⁶ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 125.

⁸⁷ Druslugangan var rafræn árið 2020 vegna kórónuveirufaraldursins og árið 2021 var henni frestað af sömu ástæðu. Sjá Kristlín Dís Ingilínardóttir, „Rafræn drusluganga“, *Frettabladid.is* 13. ágúst 2020, sótt 20. desember 2021 af <https://www.frettabladid.is/lifid/rafræn-drusluganga/> og Ævar Örn Jóseppson, „Druslugöngunni frestað um óákveðinn tíma“, *RÚV* 24. júlí 2021, sótt 20. desember 2021 af <https://www.ruv.is/frett/2021/07/24/druslugongunni-frestad-um-oakvedinn-tima>. Hægt var að halda gönguna að nýju sumarið 2022 og þá var hún haldin í tíunda skiptið. Þema göngunnar 2022 var valdaójafnvægi: „Valdaójafnvægi þema Druslugöngunnar í ár“, *RÚV* 23. júlí 2022, sótt 5. september 2022 af <https://www.ruv.is/frett/2022/07/23/valda-ojafnvægi-thema-druslugongunnar-i-ar>.

sýna samstöðu með þolendum.⁸⁸ Í göngunni árið 2018 virðist jafnframt hafa verið lögð áhersla á samvinnun þar sem markmiðið var að gera gönguna aðgengilegri fyrir ýmsa hópa sem höfðu ekki tekið þátt í henni áður, til dæmis fatlaða og fólk af erlendum uppruna.⁸⁹

Ræðuhöld Druslugöngunnar hafa gjarnan endurspeglad mikilvægi þess að þolendur „skili skömminni“ til gerenda sinna. Hér má nefna sem dæmi orðræðu Maríu Rutar Kristinsdóttur, talskonu göngunnar á árunum 2011-2015, sem sagði í viðtali fyrir gönguna árið 2013 að „[a]ðaltilgangurinn [væri] að koma, sýna samstöðu og færa skömmina þangað sem hún á heima“, og bætti við: „Það er enginn sem lætur nauðga sér, þetta er alltaf ábyrgð gerandans. Þessi orðræða á Íslandi í dag, þegar það koma upp svona mál, að spyrja hvort fórnarlambið hafi verði fullt eða hvernig það var klætt er sorgleg. Þetta er ekki það sem skiptir máli í svona atvikum, það er bara gjörningurinn sem skiptir máli.“⁹⁰ Þá sagði María í ræðu á göngunni árið 2018 að það sé heilandi að segja frá ofbeldi og að hún eigi göngunni mikið að þakka.⁹¹

⁸⁸ Lilja Hrund A. Lúðvíksdóttir, „Druslur sameinast gegn ofbeldi“, *Mbl*, 27. júlí 2018, sótt 10. febrúar 2018 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/07/27/druslur_sam-einast_gegn_ofbeldi/. Í umfjöllun um gönguna árið 2012 kom fram að markmið hennar væri sem fyrr „að færa ábyrgðina úr höndum þolenda kynferðisofbeldis yfir á gerendur og varpa ljósi á það hvernig samfélagið er tilbúið að leyfa brotamanni að njóta vafans á meðan raunveruleg fórnarlömb eru vænd um meiðyrði“. Auk þess var vakin athygli á orðanotkun þegar kynferðisofbeldi er rætt, svo sem þegar talað er um „meint“ kynferðisofbeldi og „meintan“ geranda, þegar lítið ber á slíkri orðanotkun þegar um annarskonar glæpi er að ræða (sjá áþ, „Druslugangan haldin í annað sinn“, *Vísir* 24. maí 2012, sótt af <https://www.visir.is/g/2012705249995>). Ekkert ákveðið þema einkenndi gönguna árin 2013 og 2014 en árið 2015 var yfirskrift göngunnar „Ég mun ekki þegja“ og „Ég mun standa með þér“ (Jóhann Óli Eiddsson, „Þingmaður og borgarstjóri eru druslur“, *Vísir* 15. júlí 2015, sótt 5. mars 2019 af <https://www.visir.is/article/2015150719486>). Árið 2016 lögðu skipuleggjendur göngunnar sérstaka áherslu á forvarnir og fræðslu en árið 2017 var þema göngunnar stafrænt kynferðisofbeldi (Sunna Kristín Hilmarsdóttir, „Druslugangan 2016: Skilaboðin sem ég fékk voru þau að ég hefði bara átt að passa mig á honum“, *Vísir*, 14. júlí 2016, sótt 5. mars 2019 af <https://www.visir.is/g/2016160719524>; Davíð Kjartan Gestsson, „Það lætur enginn nauðga sér“, *Mbl*, 28. júní 2017, sótt 1. mars 2019 af https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1474360/?dags=2013-07-27&item_num=87/).

⁸⁹ Oddur Freyr Þorsteinsson, „Vilja fá alla með“, *Vísir*, 23. júlí 2018, sótt 5. mars 2019 af <https://www.visir.is/g/2018180729701>).

⁹⁰ Davíð Már Stefánsson, „Það lætur enginn nauðga sér“, *Mbl*, 27. júlí 2013, sótt 1. mars 2019 af https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1474360/?dags=2013-07-27&item_num=87/.

⁹¹ Sylvía Hall, „Heilunin fólst í því að tjá sig um ofbeldið“, *Vísir*, 28. júlí 2018, sótt 10. mars 2019 af <https://www.visir.is/g/2018180729072/>.

Árið 2017 kom út bókin *Ég er drusla* sem átti að „fanga anda Druslugöngunnar“ með ljósmyndum, frásögnum og ljóðum.⁹² Í bókinni má finna valdar ræður úr göngunni, stuttar greinar og hugleiðingar, ljóð, ljósmyndir og myndlist. Þá má jafnframt halda því fram að Druslugangan feli í sér ádeilu á ráðandi fegurðarímynd og fagni fjölbreytilegu útliti kvenna, líkamsstærð og klæðaburð, vegna boðskaparins um að útlit fólks, hegðun eða klæðnaður skipti ekki máli; enginn kalli ofbeldi eða áreiti yfir sig.

2.2 Samfélagsmiðlaaðgerðir (2012-)

Samfélagsmiðlar eru miðlægir í femínisma samtímans sem felur í sér staf-ræna aðgerðastefnu (e. *online activism*). Almenn umræða um femínisma og afhjúpun femínista á kvenfyrirlitningu sem leynist í hversdagsleikanum og reynslu allra kvenna af kynjamisrétti hefur verið áberandi viðfangsefni á þeim vettvangi. Árið 2012 birti Hildur Lilliendahl Viggósdóttir (f. 1981) myndaalbúm á Facebook þar sem hún hafði safnað saman skjáskotum af niðrandi og hatursfullum ummælum karla um konur á internetinu. Viðbrögðin við framtakinu voru býsna öflug – sem sést kannski einna best á því að hún var kosin hetja ársins árið 2012 á fréttamiðlinum *DV* fyrir að hafa „barist fyrir jafnréttismálum hér á landi og gegn því að kvenfyrirlitning og lítillækkun á konum í orðræðu verði að eðlilegum hugsunarhætti.“⁹³ Aðgerð Hildar stuðaði samt sem áður marga og hún fékk haturspósta og ofbeldis-hótanir.⁹⁴

Breski rithöfundurinn Laura Bates setti á laggirnar „Everyday Sexism“ á internetinu árið 2012 þar sem hún gaf konum kost á að skrásetja hversdagslega reynslu af kynjamisrétti til þess að afhjúpa bæði smáar og stórar myndir þess.⁹⁵ Dæmi um sambærilegan gjörning í íslensku samhengi eru umræður

⁹² Ingileif Friðriksdóttir, „Ég er „drusla“ að veruleika“, *Mbl*, 23. júní 2017, sótt 10. febrúar 2018 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/06/23/eg_er_drusla_ad_veruleika_2/.

⁹³ Gunnhildur Steinarsdóttir, „Hildur Lilliendahl er hetja ársins 2012“, *DV* 28. desember 2012, sótt 20. febrúar 2018 af <https://timarit.is/page/6386085#page/n55/mode/2up>.

⁹⁴ Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, „AKTA – KATA – HATA“, *Ritið* 3/2014, 2014, bls. 255–267, hér bls. 259; Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir og Jóhann Páll Jóhannsson, „Ég myndi berja hana í andlituð“, *DV* 4.-6. janúar 2013 sótt 10. febrúar 2018 af <https://timarit.is/page/6467821#page/n9/mode/2up>.

⁹⁵ Hannah Betts, „Rape threats, groping and perverts – Everyday Sexism. Why Laura Bates is shouting back“. *The Telegraph* 12. apríl 2014, sótt 12. febrúar 2018 af <https://www.telegraph.co.uk/women/womens-life/10757216/Rape-threats-groping-and-perverts-Everyday-Sexism-why-Laura-Bates-is-shouting-back.html>

undir myllumerkinu (e. *hashtag*) #sexdagsleikinn á Twitter, sem er afbökun á orðinu hversdagsleiki og jafnframt bein vísun í verkefni Bates. Konur birtu hversdagslegar reynslusögur af kynjamisrétti undir þessu myllumerki.⁹⁶

Margskonar facebook-hópar hafa hýst femínískar umræður síðustu ár. Fyrsta dæmið sem nefnt er í því samhengi er hópurinn „Kynlegar athugasemdir“ sem Elín Inga Bragadóttir og Margrét Helga Erlingsdóttir stofnuðu árið 2014. Þar gat fólk deilt frásögnum af því að hafa heyrt sögu eða brandara þar sem „kyn fólks var látið skipta máli í umræðum og ákvörðunum.“⁹⁷ Til viðbótar við Facebook-hópa þar sem konur stilla saman strengi og ræða femínísk málefni og femínískar aðgerðir má nefna „Aktívismi gegn nauðgunarmenningu“, „Karlar gera merkilega hluti“ og „Femínistaspjallið.“⁹⁸

Í mars 2015 hófst Brjóstabyltingin svokallaða undir myllumerkinu #freethenipple (ísl. *frælsuð geirvörtuna*) þar sem konur beruðu brjóst sín á samfélagsmiðlum til þess að „gengisfella hefndarklám“⁹⁹. Brjóstabyltingin felur ef til vill í sér, rétt eins og Druslugangan, ádeilu á fegurðarímynd þar sem fjölbreytileg brjóst ólíkra kvenna birtust á internetinu. Þannig mætti velta fyrir sér hvort ádeilan á fegurðarímynd blandist saman við samstöðu kvenna gegn kynferðisofbeldi. Tveimur mánuðum síðar hófst Beauty Tips-byltingin sem átti upptök sín í samnefndum Facebook-hópi. „Beauty Tips“ er annar kvannahópur á Facebook sem upphaflega var ætlaður fyrir fegrunararráð, eins og nafn hans bendir til, en varð fljótlega að alhliða ráðleggingarsvæði kvenna um allt milli himins og jarðar.¹⁰⁰ Í Beauty tips-byltingunni

⁹⁶ „#sexdagsleikinn“, *Twitter*, sótt 3. maí 2019 af <https://twitter.com/hashtag/sexdagsleikinn?src=hash&vertical=default>.

⁹⁷ Hanna Rún Sverrisdóttir, „Þreyttar á bröndurum og orðræðu sem sýna kvenfyrirlitningu“, *Vísir* 10. apríl 2014, sótt 10. febrúar 2018 af <https://www.visir.is/g/2014140419935/threyttar-a%09brondurum-og-ordraedu-sem-syna-kvenfyrirlitningu/>. Hópurinn stækkaði hratt og náði tólf þúsund meðlimum þegar honum var lokað sama ár vegna þess að „bera fór á hatursfullum kommentum“ í umræðum innan hópsins sem meðlimir höfðu ekki tök á að eyða út jafnharðan (Jóhann Óli Eiðsson, „Kynlegum athugasemdum lokað“, *Vísir* 30. desember 2014, sótt 10. febrúar 2018 af <https://www.visir.is/g/2014141239969/>).

⁹⁸ Aktívismi gegn nauðgunarmenningu er falinn hópur en hann hefur ratað í fréttir, einkum í tengslum við það sem kallað hefur verið seinni #MeToo-bylgjan, sem nánar verður vikið að. Sjá til dæmis Erla Hlynsdóttir, „Aktívistar gegn nauðgunarmenningu fordæma árásir á þolendur kynbundins ofbeldis – „Það þarf kjark til að stíga fram“, *DV* 7. júní 2021, sótt 21. desember 2022 af <https://www.dv.is/frettir/2021/05/07/aktivistar-gegn-naudgunarmenningu-fordaema-arasir-tholendur-kynbundins-ofbeldis-thad-tharf-kjark-til-ad-stiga-fram/>.

⁹⁹ Sunna Kristín Hilmarsdóttir, „Við erum að gengisfella hefndarklám“ *Vísir*, 26. mars 2016, sótt af <https://www.visir.is/g/2015150329212/>.

¹⁰⁰ Þess má geta að annað sambærilegt ráðleggingarsvæði varð til á Facebook sem eins

deildu konur reynslu sinni af kynferðisofbeldi og notuðust við myllumerkin #þöggun og #konurtala auk þess sem margar skiptu út andlitsmyndum af sér á Facebook fyrir gular eða appelsínugular broskallamyndir. Gul mynd gaf til kynna að viðkomandi þekkti einhvern sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi en appelsínugul fól í sér þá tjáningu að viðkomandi væri sjálfur þolandi slíks ofbeldis. Stundum var myndunum skeytt saman, sem þýddi að viðkomandi bæði þekkti þolanda og væri það sjálfur. Þessi aðgerð varð afar útbreidd og náði athygli fréttamiðilsins *Independent* í Bretlandi.¹⁰¹

Á Íslandi náði myllumerkið #höfumhátt flugi sumarið 2017 eftir að í ljós kom að dæmdur kynferðisbrotamaður að nafni Róbert Árni Hreiðarsson (Robert Downey) hefði hlotið uppreist æru og endurheimt lögmansréttindi sín að auki. Því var mótmælt kröftuglega undir myllumerkinu. Umræðan í kringum #höfumhátt hverfðist ekki síður um annan dæmdan barnaníðing, Hjalta Sigurjón Hauksson, sem hlaut sömuleiðis uppreist æru. Upp úr sauð þegar í ljós kom að einn meðmælanda Hjalta reyndist vera Benedikt Sveinsson, faðir þáverandi forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar. Málið leiddi á endanum til falls þáverandi ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar.¹⁰²

Þetta sama haust, nánar tiltekið í október 2017, flæddi fyrri #MeToo-bylgjan yfir samfélags- og fréttamiðla.¹⁰³ Milljónir kvenna víða um heim

konar afleiddur hópur „Beauty Tips“ en það er hópurinn „Mæðra tips“ sem er atlaður mæðrum og verðandi mæðrum, eins og nafnið bendir til. Önnur opinská, íslensk umræða milli mæðra og verðandi mæðra sem nefna má í þessu samhengi er á Twitter undir myllumerkjnum #óléttutwitter og #mömmutwitter. (Sjá „#óléttutwitter“, sótt 21. desember 2022 af <https://twitter.com/hashtag/%C3%B3l%C3%A9ttutwitter> og „mömmutwitter“, sótt 21. desember 2022 af <https://twitter.com/hashtag/m%C3%B6mmutwitter>).

¹⁰¹ Loulla-Mae Eleftheriou-Smith, „Women in Iceland are changing their Facebook profile pictures to yellow and orange sad-faces to highlight the prevalence of sexual violence“, *Independent*, 10. júní 2015, sótt 18. janúar 2018 af <https://www.independent.co.uk/news/world/europe/women-in-iceland-are-changing-their-facebook-profile-pictures-to-yellow-and-orange-sadfaces-to-highlight-the-prevalence-of-sexual-violence-10310888.html>.

¹⁰² Áslaug Karen Jóhannesdóttir, „Atburðarásin sem felldi ríkisstjórnina“, *Stundin* 15. september 2017, sótt 15. september 2017 af <https://stundin.is/grein/5444/>.

¹⁰³ Bandarísku fréttamiðlarnir *The New York Times* og *The New Yorker* birtu afhjúpanði umfjöllun þess efnis að áhrifamikill kvikmyndaframleiðandi í Hollywood, Harvey Weinstein, hefði um árabil nauðgað leikkonum og áreitt þær kynferðislega í krafti valds síns. Jodi Kantor og Megan Twohey, „Harvey Weinstein Paid Off Sexual Harassment Accusers for Decades“, *The New York Times* 5. október 2017, sótt 5. febrúar 2018 af <https://www.nytimes.com/2017/10/05/us/harvey-weinstein-harassment-allegations.html/>.

sýndu bandarísku leikkonunum sem hófu bylgjuna stuðning og tjáðu sig um kynferðisofbeldi og áreitni í því skyni að sýna samstöðu og varpa ljósi á útbreiðslu kynferðislegs ofbeldis og áreitni undir myllumerkinu #MeToo eða #Églíka.¹⁰⁴ Ísland fór ekki varhluta af #MeToo-bylgjunni en mörghundruð frásagnir íslenskra kvenna úr ýmsum starfsstéttum atvinnulífsins flæddu fram á samfélagsmiðlum og til vefmiðlanna.¹⁰⁵ Nýleg dæmi um samstöðu íslenskra kvenna undir myllumerki #MeToo eru háværar umræður á samfélagsmiðlum frá vormánuðum 2021 sem hefur verið kölluð seinni #MeToo-bylgjan á Íslandi.¹⁰⁶ Upphaf hennar má rekja til þess þegar tvær konur ásökuðu fjölmiðlamanninn Sölva Tryggvason um kynferðisofbeldi og líkamsárás, annarsvegar í mars 2021 og hinsvegar í júní 2020.¹⁰⁷ Í kjölfarið var hann kærður til lögreglu fyrir árásir og ofbeldi.¹⁰⁸

Með annarri #MeToo-hreyfingu opna konur aftur á gömul sár og ný til þess að deila upplifun sinni og sársauka með öðrum og sýna hve útbreitt kynbundið ofbeldi er. #MeToo-bylgjan sýnir þar með að slagorð annarrar bylgjunnar, „hið persónulega er pólitískt,“¹⁰⁹ á enn við. Hér má benda á fall KSÍ-stjórnar í lok sumars 2021 eftir ásakanir á hendur einstökum landsliðsmönnum í fótbolta í þessu samhengi.¹¹⁰ Til viðbótar má nefna Öfgar, femínískan aðgerðahóp sem hefur látið til sín taka í þjóðfélagsumræðunni

¹⁰⁴ „Milljónir kvenna deila #Églíka“, *Mbl*, 16. október 2017, sótt 10. febrúar 2018 af https://www.mbl.is/frettir/erlent/2017/10/16/milljonir_kvanna_deila_eg_lika/.

¹⁰⁵ Bára Huld Beck, „Tími þagnarinnar er liðinn“, *Kjarninn*, 15. desember 2017, sótt 7. janúar 2022 af <https://kjarninn.is/skyring/2017-12-11-konur-islandi-segja-fra-kynferdisofbeldi-areitni-og-kynbundinni-mismunun-sogunar-allar/>.

¹⁰⁶ Arnar Þór Ingólfsson, „Þögnin rofin á ný“, *Kjarninn* 8. maí 2021, sótt 30. október 2022 af <https://kjarninn.is/skyring/thognin-rofin-a-ny/>.

¹⁰⁷ Freyr Gígja Gunnarsson, „Sölvi Tryggvason kærður fyrir líkamsárás“, *RÚV* 6. maí 2021, sótt 28. desember 2022 af <https://www.ruv.is/frett/2021/05/06/solvi-tryggvason-kaerdur-fyrir-likamsaras>.

¹⁰⁸ Karítas Ríkharðsdóttir, „Enn logar Twitter“, *Mbl*, 8. maí 2021, sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/05/08/enn_logar_twitter/. Þegar þetta er ritað er málinu þó ekki enn lokið og Sölvi er aftur farinn af stað með hlaðvarpþættina sína. Bjarki Sigurðsson, „Sölvi Tryggvason snýr aftur með fjóra þætti“, *Vísir*, 10. ágúst 2022, sótt 29. ágúst 2022 af <https://www.visir.is/g/20222296194d/solvi-tryggvason-snyr-aftur-med-fjora-thaetti>.

¹⁰⁹ Sue Thornham, „Second Wave Feminism“, *The Routledge Companion to Feminism and Postfeminism*, ritstjóri Sarah Gamble, London, New York: Routledge, 2001, bls. 29–42, hér bls. 30.

¹¹⁰ Alexander Kristjánsson, „Stjórn KSÍ segir af sér“, *RÚV* 30. ágúst 2021, sótt 8. janúar 2022 af <https://www.ruv.is/frett/2021/08/30/stjorn-ksi-segir-af-ser>.

og barist fyrir því að þolendum kynferðisofbeldis sé trúað¹¹¹ og hlaðvarpsþáttinn *Eigin konur* sem er í höndum Eddu Falak. Þann 6. janúar 2022 ræddi Edda við Vítalíu Lazareva, unga konu sem sagði frá ofbeldi og áreitni sem hún varð fyrir af hálfu fimm áhrifamikilla karlmannna úr íslensku viðskipta- og fjölmiðlalífi. Eftir viðtalið var þeim öllum ýmist gert að hverfa úr stjórnnum fyrirtækja, sögðu sjálfir upp eða fóru í leyfi. Einum þeirra var á endanum sagt upp starfi. Þetta mál hefur verið nefnt sem hugsanleg kaflaskil og sjáanlegur árangur í baráttunni gegn kynferðisofbeldi í ljósi þess að allir þeir menn sem tengdust því hafi þurft að mæta afleiðingum í starfi með afgangi hætti.¹¹²

Fjórða bylgjan sem nú er að sækja í sig veðrið virðist borin uppi af kröfu ungra femínista um að skilað verði aftur til gerenda ýmiss konar skömm sem konur hafa þurft að bera og í samtali þvert á kynslóðir kvenna eins og sjá má í samstöðu í femínískum aðgerðum á borð við #þöggun, #konur-tala, #höfumhátt og #MeToo. Að skila skömminni og ræða opinskátt um útbreiðslu kynferðisofbeldis sem samfélagsmein í krafti samfélagsmiðla minnir á slagorð annarrar bylgju femínismans um að hið persónulega sé pólitískt, slagorð sem fól í sér kröfu um að samfélagið sneri sér ekki undan þegar konum væri misþyrmt á heimilum sínum.¹¹³ Sögur kvennanna sem tóku þátt í #MeToo-byltingunni eru til vitnisburðar um hve andstyggileg sú

¹¹¹ Helga Ben, Hulda Hrunn, Ninna Karla, Ólöf Tara, Tanja M. Ísfjörð og Þórhildur Gyða, „Takk fyrir Öfgafullt ár“, *Kjarninn* 29. desember 2021, sótt 8. janúar 2022 af <https://kjarninn.is/skodun/takk-fyrir-ofgafullt-ar/>.

¹¹² Það mun tíminn vissulega leiða í ljós með frekari rannsóknum, en Eyja Margrét Brynjarsdóttir, heimspekingur, hefur til dæmis sagt að þessi atburðarás virðist marka tímamót – dagurinn sem fimmningarnir hafi orðið frá að hverfa væri sögulegur, viðbrögð við reynslusögum og afhjúpunum á ofbeldi virðast hafa breyst til batnaðar og mál Vítalíu gæti þannig reynst öðrum þolendum hvatning. Árni Sæberg, „Atburðir gærdagsins marki tímamót í baráttu gegn kynferðisofbeldi“, *Vísir*, 7. janúar 2022, sótt 7. janúar 2022 af <https://www.visir.is/g/20222205855d/at-burdir-gaerdagsins-marki-tima-mot-i-bar-attu-gegn-kyn-ferdis-of-beldi>. Þá má velta fyrir sér hvort þolendur kynferðisofbeldis hafi öðlast viðurkenningu á sínum sársauka, en Sóley Tómasdóttir, kynja- og fjölbreytileikafræðingur, hefur jafnframt bent á að þolendur virðast ekki ræða reynslu sína af sömu skömm og áður sem sé til marks um árangur baráttunnar gegn kynferðisofbeldi síðustu ára. Nína Richter, „Telur þolendur ekki tala af sömu skömm og áður“, *Fréttablaðið* 6. janúar 2022, sótt 7. janúar 2022 af https://www.frettabladid.is/frettir/telur-tholendur-ekki-tala-af-somu-skomm-og-adur/?utm_medium=Social&utm_source=Facebook#Echobox=1641502904.

¹¹³ Anne-Marie Mai, „Litteraturens mange køn. Nordisk kvindelitteratur i de første tiår af det 21. århundrede“, *Nordisk kvindelitteraturhistorie: Over alle grænser 1990-2015*, ritstjóri Anne-Marie Mai, Odense: Syddanske Universitetsforlag, bls. 9–21, hér bls. 13.

reynsla er. Áðurnefndu myllumerkjaverkefni Lauru Bates, *Everyday Sexism*, hefur verið líkt við hópefli í anda annarrar bylgyu femínisma¹¹⁴ og aðgerðir á borð við Brjóstabyltinguna, broskallamyndirnar á Facebook og #MeToo geta einnig fallið undir þann samburð. Allt eru þetta aðgerðir sem byggja á samstöðu kvenna á milli og ítreka kröfu þeirra um kynfrelsi og um að kynferðislegt ofbeldi og áreitni gegn þeim sé tekið alvarlega.

Sem fyrr segir er ekki fræðileg samstaða til staðar um fjórðu bylgyuna. Irma Erlingsdóttir hefur til að mynda bent á að þrátt fyrir þær aðgerðir sem fara fram á netinu sé áhersla baráttunnar enn á einstaklingnum og því um framhald þriðju bylgyu femínismans að ræða fremur en nýja bylgyu, meðal annars vegna fjölda óformlegra bandalaga í stað skipulagðra samtaka.¹¹⁵ Það má þó greina breytingar í pólitísku og félagslegu tilliti þar sem áhersla er lögð á samstöðu í anda Rauðsokkahreyfingar annarrar bylgyu. Nicola Rivers varar við því að vanmeta þá möguleika sem samfélagsmiðlar og internet hafa upp á að bjóða þegar kemur að femínískum rýmum, sérstaklega þegar þau geta náð þvert yfir félagsleg, menningarleg og alþjóðleg landamæri.¹¹⁶ Hægt sé að skapa blæbrigðaríka femíníska umræðu í netheiminum sem hafi áhrif í raunheiminum í stjórn mála- og menningarlegu samhengi (e. *online activism, offline effect*). Vel megi vera að fjórða bylgya femínismans verði þekkt fyrir að taka slíkan femínisma upp á sína arma og verði þar með svar við andúð póstfemínismans á pólitískri aðgerðarstefnu í þágu kynjajafnréttis, segir Rivers – en það gæti líka gerst að fjórða bylgyan efli póstfemínismann með því að brjóta upp stórfrásagnir (e. *grand narratives*) og skapa rými fyrir fjölbreytilegar raddir. Bók Rivers, sem hér hefur verið stuðst við að miklu leyti, kom út um mánuði fyrir #MeToo. Hún bendir þar á að fróðlegt yrði að sjá hvort femínistar fjórðu bylgyunnar muni nýta sér til hins ýtrasta þá möguleika sem samfélagsmiðlar hafa upp á að bjóða. Þar má nýta tækifæri til þess að koma á stjórn mála- og menningarlegum breytingum og hafna póstfemínískri orðræðu sem gerir lítið úr þörfinni fyrir femínisma.¹¹⁷

Það stóð heima. Nú hafa konur sýnt að vettvangurinn sem þær bjuggu til og notuðu til þess að segja frá ofbeldi, í krafti fyrri bylgya og opinskárra

¹¹⁴ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 24.

¹¹⁵ Irma Erlingsdóttir, „Inngangur. Uppgjör á byltingartímum“, *Fléttur V. #MeToo*, ritstjórar Kristín I. Pálsdóttir, Elín Björk Jóhannsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, Reykjavík: RIKK – rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands og höfundar, 2020, bls. 11–33, hér bls. 14.

¹¹⁶ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 127.

¹¹⁷ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 127–128, 109.

frásagna kvenna um kynferðisofbeldi, er nægilega öflugur til þess að leiða til falls valdamikilla karlmanna og ríkisstjórna og krefjast breytinga í þágu allra kvenna. Þær bjuggu með öðrum orðum til stafrænan vettvang fyrir aðgerðir sem hafa pólitískar og menningarlegar afleiðingar í raunheimum!¹¹⁸ Dropinn holar steinninn. *Myndin af þabba. Saga Thelmu, Á mannamáli*, Druslugangan, myndaalíbúm Hildar Lilliendahl Viggósdóttur, hinir margvíslegu Facebook-hópar, Brjóstabyltingin, Beauty Tips, Fávitar, *Eigin konur*, Öfgar og önnur femínísk umræða eru lækir sem renna saman í eitt stórt fljót sem birtist með #höfumhátt og #MeToo og margvíslegum áhrifum þeirra í stjórnmálalegu-, menningarlegu og alþjóðlegu samhengi.

3. Líkaminn í bókmenntum og fjórða bylgjan

Áður hefur verið vikið að sambandi kvennabókmennta við kvennabaráttuna á annarri bylgju femínismans. Það er óhætt að segja að nútímabókmenntir veiti baráttunni ekki síður afl. Ótti kvenna við ofbeldi óútreiknanlegs árárasmanns er engu minni í dag en árið 1980 þegar fyrrnefnd grein Svövu Jakobsdóttur kom út.¹¹⁹ Smásaga Fríðu Ísberg (1992), „Heim“ endurspeglar það þar sem undirliggjandi ótta kvenna sem eru einar á ferð eftir skemmtanahald eru gerð skil. Sagan kallast þannig á við fjörutíu ára gamla grein Svövu Jakobsdóttur. Frásögnin er í annarri persónu eintölu, kvenkyns. Sögumannsröddin getur þannig mátað sig við fjölbreyttan hóp kvenkyns lesanda og ákvarðanirnar geta farið eftir hverri og einni konu sem þekkir reynsluheiminn:

Þú tekur ákvörðun um að labba [...] Kannski varstu klár og hættir að drekka eftir þriðja drykk. Kannski hættirðu að drekka klukkan eitt. Kannski ertu að vinna á morgun. Þú lítur út fyrir að vera enn á þeim aldri sem vinnur aðra hverja helgi í þjónustustarfi. Kannski varstu að enda við að tjögga síðasta bjórinn af mörgum – þú ert ekki stelpa sem lætur hálfan bjór fara til spillis þó svo að vinir þínir séu á heimleið.¹²⁰

¹¹⁸ Sama heimild, bls. 127–128, 109.

¹¹⁹ Sjá til dæmis MA-ritgerð Bjarkar Hólm Þorsteinsdóttur, þjóðfræðings: „ég vil helst ekki labba ein heim“. Upplifun kvenna af öryggi í miðborg Reykjavíkur, áhrifaþættir og öryggisviðbrögð“. Lokaritgerð við Háskóla Íslands á MA-stigi, *Skemman*, 2018, sótt 30. nóvember 2018 af <https://skemman.is/handle/1946/31802/>.

¹²⁰ Fríða Ísberg, *Kláði*, Reykjavík: Partus, 2018, bls. 37.

Lesandi fylgir henni heim á leið en er jafnóviss og hún hvort hún sleppi ómeidd alla leið. Hún gerir það en óttinn um yfirvofandi árás gagnstekur huga hennar og hún greikkar sporið jafnt og þétt og henni rennur í skap eftir að hafa hrasað á göngunni: „Þér er skapi næst að klæða þig úr og rölta restina nakin [...] Strjúka fökkjúputtum í kringum geirvörtunna ef einhver labbar framhjá. Gefa svo fingurkoss með fökkjúputtanum.“¹²¹

Kvenlíkaminn er þungamiðjan í þeim aðgerðum sem hér voru ræddar en eins og áður hefur komið fram er eitt af einkennum pósfemínískrar afþreyingarmenningar þráhyggja gagnvart líkamanum¹²² og einsleit fegurðarímynd. Birtingarmyndir hennar eru að finna í glans- og slúðurblöðum þar sem rýnt er í líkamleg smáatriði á borð við sjáanleg líkamshár, hrukkur og aukakíló og líkamar frægra kvenna eru undir stöðugu eftirliti ljósmyndara og svo lesenda blaðanna.¹²³ Hinn „vöruvæddi líkami“ er áberandi samfélagslegt tákni í nýfrjálshyggjusamfélagi en með slíku hugtaki er verið að vísa í þá tilhneigingu að líta á líkamann sem neysluvöru. Hann verður að snyrta og viðhalda til þess að hægt sé að meta hann í hæsta verðflokki¹²⁴ en í nýfrjálshyggjusamfélögum eru gerðar ríkar kröfur til kvenna um fullkomnun og samkeppni þeirra á milli þegar kemur að móðurhlutverki, útliti, líkama og námsárangri. Þannig eru ekki bara líkamar kvenna undir eftirliti heldur jafnframt hegðun þeirra og sambönd. Fullkomnunin felst ekki síður í því að geta uppfyllt hið þrákveðna stef um að „hafa allt“ til alls (e. *having it all*), sem í þessu samhengi merkir gott hjónaband, vel metin börn og gæfuríkt heimilis- og ástarlíf.¹²⁵

¹²¹ Sama heimild, bls. 43. Soffía Auður Birgisdóttir fjallar einnig um smásöguna „Heim“ í þessu samhengi í greininni „Þessi tvífætta villibráð“, *Fléttur V. #MeToo*, ritstjórar Elín Björk Jóhannsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, Reykjavík: RIKK – Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, 2020, bls. 33–57, þar sem hún bendir á að reiði sögumannsins í sögu Fríðu sé til marks um kynslóðamun í samamburði við eldri sögur um kvenlægan ótta við ofbeldi karla (bls. 41).

¹²² Rosalind Gill, „Postfeminist media culture“, bls. 149.

¹²³ Sama heimild, bls. 149.

¹²⁴ Deborah Lupton, *Medicine as Culture. Illness, disease and the Body in Western Societies*, London: Sage, 2012, bls. 37. Lupton bætir við að líkaminn sé þannig blætisgerður (e. *fetishized*), auk þess sem orðræða vöruvæðingar sé stór áhrifaþáttur kynfræðinnar (e. *sexology*), en þróun hennar er nátengd tilurð og uppgangi vestræna neyklusamfélagsins. Eftir fyrri heimsstyrjöld hafi vöruvæn menning færst í aukana með heðónískum áherslum á ofgnótt og sjálfsdekur og stór þáttur í söluverki kynferðisvæðing langana og þrjár (bls. 37).

¹²⁵ Angela McRobbie, „Notes on the Perfect. Competitive Femininity in Neoliberal Times“, *Australian Feminist Studies*, 30 (83), 2015, bls. 3–20, hér bls. 3–4, 7.

Hugmyndir um stjórn og stjórnleysi tengjast líkamanum jafnframt sterkum böndum og í því samhengi eru sjálfstjórn og sjálfsagi líkamans talið hið nýja vinnusiðferði mannsins.¹²⁶ Stjórn af því tagi snýst ekki síst um að halda í við ráðandi feegurðarímynd og hegða sér í samræmi við samfélagslegar kröfur og viðmið.¹²⁷ Missi manneskjan stjórn á líkamanum, til dæmis með sjúkleika sínum, er viðteknum hugmyndum um rökhugsun og skynsemi ógnað.¹²⁸ Líkamar kvenna, samkynhneigðra karlmannna, feitir líkamar, líkamar vændiskvenna og sjúkir líkamar hafa sérstaklega verið tengdir hugmyndum um sora og úrkynjun í gegnum tíðina í þessu samhengi. Á hinn bóginn hafa hugmyndir um líkamann almennt í vestrænu samfélagi verið bundnar að ýmsu leyti við að hann viðhaldi feegurð sinni og æskueinkennum og nauðsyn þess að hemja hann svo óhreinindin sem hann framleiðir brjótist ekki upp á yfirborðið. Gerist það ógnar líkaminn félagslegu umhverfi þess sem í honum býr með neikvæðum afleiðingum.¹²⁹ Í því sambandi má nefna skáldsögu Auðar Jónsdóttur, *Stóra skjálfta* (2015)¹³⁰, en einnig fyrstu skáldsögu hennar, *Stjórnlauk lukka* (1998) þar sem flogaveikur líkami tekur yfir líf og sjálfsmynd Diddu, sögumanns:

Mér fallast hendur um leið og þessi gagnrýnisrödd byrjar að tala innra með mér. Ég veit að hún hefur lög að mæla þegar hún minnir mig á að í mínu tilfelli hefur líkaminn yfirhöndina. Hugurinn hefur ekkert að segja þegar samanherpt raddböndin mynda dýrlegt öskur og líkaminn engist til og frá í hörðum átökum. Hvenær sem er og hvar sem er. Ég veit líka að ég kemst ekki í burtu. Þrátt fyrir

¹²⁶ Deborah Lupton, *Medicine as Culture*, bls. 33.

¹²⁷ Angela McRobbie, „Notes on the Perfect“, bls. 9.

¹²⁸ Það skýrist meðal annars vegna þeirrar viðteknu skoðunar vestrænnar nútímamanningar um að hugur og líkami séu tvö aðskilin fyrirbæri. Deborah Lupton rekur þær hugmyndir í fyrrnefndri bók sinni, *Medicine as Culture*, en uppruna þessarar tvíhyggju má rekja til forngrískrar heimspeki um tengsl fyrirbæra. René Descartes (1596-1650) aðgreindi þau með því að skilja að sál og náttúru sem þýddi að líkaminn væri afleiddur af huginum og settur skör lægra en hann. Þessar hugmyndir fólu því allar í sér að líkaminn væri óaðri eða að tengsl hans við lífveru kæmu í gegnum móður, konu. Þessi aðskilnaður er viðtekin skoðun vestrænna læknavísinda og grunnsetning hennar leiðir af sér fleiri tvenndarpör sem undirbyggja og styðja hana, svo sem karl/kona, tilfinningar/skynsemi og óhreinleiki/hreinleiki (bls. 20–24).

¹²⁹ Deborah Lupton, *Medicine as Culture*, bls. 24.

¹³⁰ Guðrún Steinhórsdóttir hefur fjallað um sjúkdóminn og áhrif hans í skáldsögunni *Stóra skjálfta* í grein sinni „Minnið er gatasígt“. Um minni og tráma í *Stóra skjálfta* eftir Auði Jónsdóttur, *Ritið* 2/2020, bls. 125–160.

dagdraumana er staðreyndin sú að ég forðast ókunnugt fólk. Ég óttast að það hlæi að mér, rétt eins og krakkarnir í skólanum hlógu; til að dylja hræðsluna. [...]. Því ég get ekki mótmælt röddinni sem mælir af slíkri yfirvegun að mótrökin verða jafnóðum að engu. Þess í stað leyfi ég fullyrðingum hennar að breiða mjúka dulu yfir augun á mér og hangi áfram í pilsfaldi mömmu. Ræðst gegn mínum eigin löngunum og tek undir með röddinni þegar hún sönglar ertandi röddu: „Þú ert flogaveik ...“¹³¹

Sjúkdómurinn hefur vald til þess að svipta Diddu sjálfræði með því að kasta henni inn í flogið hvenær sem er og hvar sem er. Þessari áminningu um óvissa stöðu í eigin líkama fylgir tilhneiging til einangrunar og innlokunar sem gerir það að verkum að Didda á bággt með að öðlast sjálfstraust og sjálfstæði. Í uppgjöf tekur hún undir með gagnrýnisröddinni, gerir hana að sinni og innsiglar þar með veika sjálfsmynd sína.

Póstfemínísk orðræða felur gjarnan í sér hvatningu til kvenna um að bæta sig undir merkjum sjálfsræktar¹³² en sú orðræða felur einnig í sér þau skilaboð að konur geti yfirstigið félagslegar hindranir með því einu að „trúa á sig“ og ítreka þar með áhersluna á einstaklingsbundnar lausnir fremur en pólitískar.¹³³ Dæmi um pósfemíníska, einstaklingsbundna lausn á kerfislægum/samfélagslegum vanda er orðræðan um að elska líkama sinn (e. *love your body discourse*) eða hvatningu um sjálfsást (e. *selflove*) sem gengur út á að konur skilgreini sjálfar það sem á að teljast fagurt. Byrðin er lögð á herðar hverrar og einnar konu til þess að finna út úr því í stað þess að leggja áherslu á að vinna gegn þeirri samfélagsgerð sem setti þessar skorður til að byrja með og knýja fram altækar, kerfisbundnar breytingar. Með þessari hvatningu er jafnframt lítið gert úr erfiðleikunum við að hefja sig yfir hina einsleitu fegurðarímynd; þeir sem ekki geta hrist af sér neikvæða sjálfsmynd vegna fegurðarkrafna hafa fundið eitthvað nýtt til þess að mistakast í samkeppnisdrifnu neyslusamfélagi okkar.¹³⁴

Fjórða bylgjan virðist þó fela í sér tilraun til þess að yfirstíga þann vanda í krafti samstöðunnar og sækir þannig innblástur í aðra bylgju femínismans. Þannig eru Druslugangan og Brjóstabyltingin dæmi um aðgerðir gegn kynferðisofbeldi sem upphelja fjölbreytilegt útlit kvenna í leiðinni, eins og fram

¹³¹ Auður Jónsdóttir, *Stjórnlauk lukka*, Reykjavík: Mál og menning, 1998, bls. 11.

¹³² Alda Björk Valdimarsdóttir, „Ég er ekki þunn!““, bls. 12–13

¹³³ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 62–63.

¹³⁴ Sama heimild, bls. 63.

hefur komið, en jafnframt með áherslunni á að konur „taki sér pláss“. Þau bókmenntadæmi sem hér eru til umfjöllunar sýna tilraunir skáldkvenna til þess að ögra fegurðar- og hegðunarkröfum og taka þær almennt til athugunar, eins og nánar verður vikið að. Í grein sinni „Burlesk stil og performativ æstetik. Om krop, køn og normalitet?“ (2017) bendir Anne Scott Sørensen á að kyn, líkami og kynhegðun hefur verið norrænum skáldkonum fæddum á árunum 1970-1980 hugleikið með margvíslegum hætti, þó ekki með áberandi pólitískum upphrópunum að hætti annarrar bylgju femínismans heldur með performatífum tilbrigðum.¹³⁵ Sørensen vísar í hugtakið „stelpugroddi“ (e. *gurlisque*, dk. *gurlesk*) til þess að lýsa stílbragði sem er áberandi hjá yngstu kynslóð sænskra skáldkvenna sem þær beita til þess að fjalla um stúlkur og konur á jaðrinum sem ögra viðteknu velsæmi með atferli sínu, ekki síst í kynferðislegu tilliti.¹³⁶ Í næsta kafla verður nánar litið á bókmenntadæmi ungra, íslenskra skáldkvenna með framangreind atriði í huga.

3.1 Fegurðarímynd og ofbeldi

Samfélagsmiðlarnir bjóða upp á öflugan vettvang fyrir femínískar samstöðuaðgerðir, eins og hér hefur verið rakið, en þeir hafa sannarlega fleiri hliðar. Það er til dæmis orðið enn auðveldara en áður að fegra yfirborðsmynd einstaklingsins á miðlum á borð við Instagram og Angela McRobbie spyr raunar hvort ekki megi líkja Facebook við fegurðarsamkeppnirnar sem annarrar bylgju femínistar mótmæltu kröftuglega.¹³⁷ Það getur verið freistandi að safna „lækum“ (e. *likes*) á myndirnar sínar til þess að öðlast tíma-bundna vellíðan eins og smásaga Fríðu Ísberg, „Prófill“ (2018) sýnir. Þar er í forgrunni ungur fatahönnuður sem hefur breytt nafni sínu Sesselja í Sesselía vegna þess að henni finnst hið síðarnefnda „fallegra á blaði“.¹³⁸ Sesselía er byrjuð í nýrri vinnu og sagan hefst á því að hún verður að yfirgefa dögurð með samstarfsfólkinu til þess að sinna fjölskylduerindi. Áður en hún sýnir

¹³⁵ Anne Scott Sørensen, „Burlesk stil og performativ æstetik. Om krop, køn og normalitet?“, *Nordisk kvindelitteraturhistorie. Over alle grænser 1990-2015*, ritstjóri Anne-Marie Mai, Odense: Syddanske Universitetsforlag, 2017, bls. 101–111, hér bls. 101. Rauðan þráð megi sjá í skáldverkum kvenna af þessu aldursbili, sem gera gjarnan tilraunir með bókarformið og bjóða lesandanum að taka þátt í líkamleika verkanna (bls. 111).

¹³⁶ Hugtakið má rekja til sænsku skáld- og fræðikonunnar Mariu Margaretu Österholm. Sama heimild, bls. 101–102.

¹³⁷ Angela McRobbie, „Notes on the perfect“, bls. 6.

¹³⁸ Fríða Ísberg, *Kláði*, bls. 106.

á sér fararsnið setur hún inn nýja „prófilmynd“ á Facebook. Lesandi fylgir þráhyggjukenndum hugsunum hennar og kvíða sem magnast jafnt og þétt yfir því hvort nógu margir hafi sýnt henni athygli: „Sextíu og eitt læk á níutíu mínútum? Flestar prófilmyndirnar hennar voru með yfir 200. Á góðum degi færi selfi upp í þriðja hundraðið. Þessi næði ekki upp yfir 120“.¹³⁹ Hún á erfitt með að slíta sig frá snjallsímanum sínum en er meðvituð um vandann og sækir sálfræðimeðferð við honum. Hún veit að pósthfémínískar hegðunar- og útlitskröfur samtímans hafa heftandi áhrif á hana og vill losna undan oki þeirra. Sálfræðingurinn bendir Sesselíu á að þörfin fyrir samþykki á samfélagsmiðlum sé algeng „há greindum stúlkum“ sem hafa lært það hratt í „selfi-faraldrinum“ að með hverri mynd sem þær setja á Instagram og fá þar fjölda læka læri þær smám saman að „æðsta dyggð stúlkna sé að vera falleg, en svo kunna þær ekki að treysta á restina. Á samskiptahæfni sína, fyndni eða skoðanir. Og með hverju árinu rækta þær þá eiginleika minna, en samfélagsmiðlana meira“.¹⁴⁰

Fullkonnunarárátta og kvíði Sesselíu nær auk þess yfir einföld orð og athafnir. Á miðri leið sinni til fjölskyldumeðlimanna áttar hún sig til dæmis á að hún hafði gleymt að þakka fyrir sig á leiðinni út af veitingastaðnum og verður heltekin af samviskubiti og skömm¹⁴¹ og sömu áhyggjur má sjá síðar í sögunni þegar hún áttar sig á því að hún hafi vísað ferðamönnum til Laugar-dagslaugar en ekki Laugar-dalslaugar. Hún ímyndar sér að Íslendingar sem urðu varir við ruglinginn geti notað hann gegn henni síðar meir og hefur í kjölfarið þungar áhyggjur af orðspori sínu og framtíðartækifærum eftir þessi mistök:

Hún faldi andlitið í höndum sér þegar misskilningurinn rann upp fyrir henni. [...] Kvíðinn sendi náladofastrauma niður handleggina á henni. [...] Hún ímyndaði sér að mökkakápukonan væri frægur leikhúsrýnir sem myndi seinna meir komast að því hver Sesselía væri og endurtaka út um allan bæ það sem þessi stelpurola hafði einu sinni sagt í strætóskýlinu við Lækjargötu.¹⁴²

¹³⁹ Sama heimild, bls. 109.

¹⁴⁰ Sama heimild, bls. 115.

¹⁴¹ Sama heimild, bls. 107.

¹⁴² Sama heimild, bls. 119.

Þessu er frekar velt upp í annarri smásögu eftir Fríðu, „Að kúga eða kúgast“, sem segir frá ungum manni og sambandi hans við konu sem hafnar útlits- og hegðunarkröfum samfélagsins. Sagan er sögð frá sjónarhorni unga mannsins sem á erfitt með að setta sig við líkamleika hennar í allri sinni mynd. Hér mætti segja að notast sé við stelpugrodda-stúlbragðið; kærastan ögrar blygðunarkennd kærastans og ráðandi hegðunar- og útlistkröfum með því að hafna rakstri líkamshára og leysa vind svo hann heyri til. Hún gengur síðan endanlega fram af honum þegar hún gengst við því að pissa í sturtu. Þá rýkur hann á dyr og samband þeirra hangir á bláþræði í nokkra daga en þegar þau sættast segir hún að það sé „jafnvægiskunst [...] [a]ð standa á sínu, en stíga ekki á hina manneskjuna í leiðinni.“¹⁴³ Sambærilegar hugleiðingar eru á ferðinni í ljóðinu „Hákerling“ eftir Fríðu. Ljóðmælandi þess, sem er kona, sækir „bassann ofan í maga“ þegar hún vill að á sig sé hlustað – skyldi það nú ekki ganga klæðir hún sig í „hákarlahaminn“ sem er bæði „gráðugur og tannbeittur“ og segir setningar í germynd og boðhætti.¹⁴⁴ Þannig er karllæg hegðun dregin upp og myndhverfð í hákarli. Þetta er ágætt dæmi um það sem Angela McRobbie hefur kallað „reðurstúlku“ (e. *phallic girl*), hugtak sem póstfemínisminn ól af sér, og lýsir því þegar kona setur á svið hegðun sem telst karllæg.¹⁴⁵ Þannig verður ljóðmælandi „ein af strákunum“, en veltir þó fyrir sér hvort það gangi þó yfirleitt upp – og hvort það sé nokkuð þess virði að setja slíka hegðun á svið. Hún spyr í lokalinum hvort ekki mættu fleiri spyrja og efast: „Er ekki styrkur í spurningarmerkinu líka? / Gæti ekki mögulega leynst styrkur í að vera ekki alveg viss?“¹⁴⁶ og veltir þar með fyrir sér hvort karllæg hegðun á borð við þá sem hún hefur mátað sig við sé alltaf ákjósanleg – sennilega sé yfrið nóg af blindu sjálfstrausti og upphrópunum til í feðraveldissamfélagi, fleiri mættu kannski efast og spyrja.

Í fyrstu ljóðabók Svikaskálda má finna ljóðið „Bölvun“ eftir Þóru Hjörleifsdóttur (1986), sem er ef til vill einskonar samruni stelpugroddans og „reðurstúlkunnar“ þar sem ljóðmælandi, kona, fer um heimili óvinnar og beitir líkama sínum í hefndarskyni: „ber að neðan / í karrygulum ullarsokkum“.¹⁴⁷ Kvenlíkaminn er í uppreisn gegn ríkjandi viðmiðum:

¹⁴³ Sama heimild, bls. 32.

¹⁴⁴ Fríða Ísberg, „Hákerling“, *Ég er fagnaðarsöngur*, ritstjóri Steinunn Sigurðardóttir, Reykjavík: Svikaskáld, 2018, bls. 10.

¹⁴⁵ Angela McRobbie, „Notes on the perfect“, bls. 11.

¹⁴⁶ Fríða Ísberg, „Hákerling“, bls. 10.

¹⁴⁷ Þóra Hjörleifsdóttir, „Bölvun“, *Ég er ekki að rétta upp bönd*, ritstjóri Soffía Bjarnadóttir, Reykjavík: Svikaskáld, 2017, bls. 36.

ég néri mér utan í sófa, veggi, eldhúshöld
tók um hurðarhúna með rasskinnunum
mér skilst að almennt séu fleiri bakteríur á hurðarhúnum
en á klósettsetum
núna á það svo sannarlega við um heimili þitt¹⁴⁸

Líkamar kvenna hafa frekar verið bendlaðir við óhreinindi, meðal annars vegna blæðinga hinnar frjóu konu¹⁴⁹ en hér snýr ljóðmælandi óhreinindunum í sókn og krefst þess að húsráðandi velti sér upp úr þeim: „ég setti koddann þinn milli læranna á mér / svo þegar þú reynir að hvílast / herjar römm mýrarlykt að vitunum / tannburstann þinn notaði ég / til að greiða í söltum handarkrikum [...] / ég vil að þú efist um skynjun þína / ég vil að þú finnr hvernig ég ásæki þig.“¹⁵⁰ Sé ljóðið sett frekar í samhengi við myndun fjórðu bylgjunnar minnir þessi virkjaða reiði og notkun líkamans á ítrekunina um rétt kvenna til þess að að taka sér pláss. Auk húsráðandans er heimilið sjálft viðfang ljóðmælandans, konan krefst athygli húsráðandans og merkir sér rýmið með því að skilja eftir sig bakteríuslóð. Umhverfið var ekki hennar en er orðið það og til þess þurfti að virkja kvenlíkamann og beita honum í krafti reiðinnar. Húsráðandinn hefur misst valdið yfir plássinu til konunnar.

Framangreindar útlits- og hegðunarkröfur má jafnframt greina í verkum Kristínar Eiríksdóttur, til að mynda í *Kjötbænum*, (2004) sem er, eins og titillinn gefur til kynna, verk sem er býsna ríkt af líkamlegu myndmáli. Þetta er prósaljóð sem fjallar um Kötú og kulnað samband hennar við kærastann Kalvin. Kata er ljóðmælandinn og segir frá í fyrstu persónu frásögn en ávarpar Kalvin reglulega í gegnum verkið í annarri persónu milli þess sem hún segir frá honum í þriðju persónu. Verkið hverfist einnig um höfnun Kötú á samfélaginu, óttanum við það, kröfurnar og áreitið sem því fylgir sem helst í hendur við vaxandi ógn af Kalvin innan veggja heimilisins. Hún leiðir á endanum til þess að Kata dregst til hefðbundinnar samfélagsþátttöku. *Kjötbærim* kom út rúmlega tíu árum eftir það sem mætti kalla upphaf pósthéminismans, á tímum efnahagslegs góðæris, upphafinnar poppmennningar og strangra útlitskrafna, og Kata vill „vera í friði fyrir öllu áreitinu“¹⁵¹, kröfum og væntingum og óþörfum upplýsingum. Lausn hennar er að loka

¹⁴⁸ Sama heimild, bls. 36.

¹⁴⁹ Deborah Lupton, *Medicine as Culture*, bls. 37.

¹⁵⁰ Þóra Hjörleifsdóttir, „Bölvun“, bls. 36.

¹⁵¹ Pröstur Helgason, „Það sem ég veit ekki heillar mig“, *Mbl, Menningarblað/Lesbók*, 23. október 2004, sótt 10. ágúst 2018 af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/825113/>.

sig inni, í öllum skilningi, og hún lokar sig inni með vandanum.¹⁵² Óhugnaðurinn sem fylgir nærveru Kalvins inni á heimilinu er greinilegur og stígandi:

Hnífarnir þínir Kalvin eru vel brýndir vandlega meðfarnir fullkomnir. Þú breiðir handklæðið á rúmið, leysir niðrum þig buxurnar, syngur: i am human and i need to be loved just like anybody else does. Blóðið frussast þessi kúrekastígvél eru moldug þessar nærbuxur skítugar. Sofðu úr þér ástin mín¹⁵³

Óttinn tekur sér bólfestu í líkama Kötú í takt við vaxandi óhamingju og aðskilnað parsins, hún nagar sjálfa sig: „Hann er hættur að koma heim úr vinnunni, ég er aftur farin að naga á mér hnén.“¹⁵⁴ Hún gerir sig „minni“ og líkamleg nærvera hennar er falin, sem mætti einnig skilja sem vísbendingu um lystarstol, en líkamleg nærvera Kalvins er sterk í frásögninni sem sést meðal annars á því þegar hún ávarpar hann: „Þú býrð í húðinni á þér Kalvin býrð í kjötinu á þér þú“¹⁵⁵ og athygli lesanda er sérstaklega beint að ýmsum smáatriðum á líkama hans, klæðnaði og lykt: „Höndin á Kalvin hvílir hreyfingarlaus á borðinu beinaber höndin. Stór kúla í úlnliðnum, æðarnar þykkar og útstæðar [...] lyktin oní bolnum hans gamla og þvegna af svefni hans og svita“.¹⁵⁶

Kynferðisofbeldi er áberandi stef í verkum Kristínar Eiríksdóttur,¹⁵⁷ en í ljóðverkinu *KOK* sem kom út árið 2014, tíu árum eftir útgáfu *Kjötbæjarins*, má greina uppreisnartón í ljóðmælanda í lokálínum verksins. Þar er notast við fleirtölumynd sem hægt er að túlka sem samstöðutákn: „og þið / tókuð svolítið sem tilheyrir okkur / en þið / getið ekki / skilað því aftur / og við / eigum eitt / sem þið hefðuð viljað halda / en við / getum ekki / gefið til baka“.¹⁵⁸ Þá voru fimm ár liðin frá útgáfu *Á mannamáli*, þrjú ár frá fyrstu Druslugöngunni, myndaalbúm Hildar Lilliendahl Viggósdóttur hafði vakið mikið umtal og femínísk vefrými á Facebook í blóma.

¹⁵² Sama heimild.

¹⁵³ Kristín Eiríksdóttir, *Kjötbærimin*, Reykjavík: Bjartur, 2004, bls. 14.

¹⁵⁴ Sama heimild, bls. 25.

¹⁵⁵ Sama heimild, bls. 19.

¹⁵⁶ Sama heimild, bls. 27.

¹⁵⁷ Hér gefst ekki rými til að ræða fleiri verk Kristínar, en ítarlegar er fjallað um ljóðabækurnar *Kjötbærimin* (2004), *Húðlita auðnina* (2006) og *KOK* (2014) í MA-ritgerð minni; „leiðin er innávið og uppímóti“, bls. 69–84.

¹⁵⁸ Kristín Eiríksdóttir, *KOK*, 2014, Reykjavík: JPV.

3.2 Að taka sér pláss

Femíníski heimspekingurinn Iris Marion Young velti fyrir sér líkamlegu rými og líkamsvitund kvenna í ljósi tilvistarlegrar fyrirbærafræði og femínisma í grein sinni „Throwing like a girl“ (1980). Þar byggir hún á greiningu Simone de Beauvoir um tilveru konunnar í feðraveldissamfélagi sem spennu milli íveru (e. *immanence*) og handanveru (e. *transcendence*)¹⁵⁹ og bætir þar með mikilvægum breytum við skilgreiningu de Beauvoir á sameiginlegum tilvistargrunni hvernar konu með því að greina stöðu hins lifandi kvenlíkama, umhverfis hans, aðstæðum og líkamlegum athöfnum.¹⁶⁰ Líkamsvitund kvenna og líkamsbeiting þeirra er hvorki bundin við líffræðilegar né líffærafræðilegar skýringar, hvað þá svokallað „kvenlegt eðli“, segir Young, orsökina megi rekja til feðraveldissamfélaga sem kenni konum að smækka sig. Þess vegna hiki þær frekar þegar kemur að líkamlegum erfiðleikum, beiti sér af óöryggi og vantreysti líkama sínum sem rekja má til skorts á sjálfstrausti til þess að ljúka markmiðum sínum. Þær opna líkama sinn ekki í sama mæli og karlmenn heldur krossleggi frekar útlími sína. Þær vantreysta sér frekar til þess að bera þunga hluti og nýti pláss á þróttavöllum í minna mæli en karlmenn.¹⁶¹

¹⁵⁹ Í frægri bók sinni, *Hitt kynið* (1949) (fr. *Le deuxième sexe*, e. *The Second Sex*) er kvenlíkaminn Simone de Beauvoir afar hugleikinn. Þar er hugmyndin um mótunarhyggju konunnar og stöðu sem hins kynsins jafnframt lögð fram með hinni frægu setningu; „On ne naît pas femme: on le devient“ (e. *One is not born, but rather becomes, a woman*). Í ritinu er áhersla lögð á kyn og konur og de Beauvoir bætti þar miklu við tilvistarstefnu Jean-Paul Sartre, sem var fyrirferðarmikil í evrópskri menningarumræðu frá eftirstríðsárum og fram á sjöunda áratug síðustu aldar. Hugvera (e. *subject*) Sartre er karlmaður. Í fræðum sínum byggir hann á andstæðuhugtökum; handanveru (e. *transcendence*) og íveru (e. *immanence*). Handanvera merkir í þessu samhengi það sem gerir manneskju að vitsmunaveru. Að mati de Beauvoir eru handanvera og ívera siðferðilegar meginandstæður; manneskjan ber siðferðilega skyldu til þess að losa sig úr íveru sinni. Það sem komi í veg fyrir að konur verði handanverur á sama hátt og karlmenn sé einmitt kvenlíkaminn, vegna þess að hann „fjötri“ þær í íveru sinni. Móðurhlutverkið og meðgangan gætu konunni neitt jákvætt, auk þess sem kynfæri konunnar væru kynfærum karlmannsins óaðri. Sjá Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til*, bls. 345, 348–349. Um þetta má nánar lesa í greinasafninu *Simone de Beauvoir. Heimspekingur, rithöfundur, femínisti*, ritstjórar Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999, Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum, Háskólaútgáfan; Toril Moi, *Simone de Beauvoir. The making of an intellectual woman*. Cambridge Massachusetts og Oxford: Blackwell, 1994; Eva Lundgren-Gothlin, *Kön och existens. Studier i Simone de Beauvoirs Le Deuxième Sexe*. Gautaborg: Daidalos, 1991.

¹⁶⁰ Iris Marion Young, „Throwing like a girl. A Phenomenology of Feminine Body Comportment Motility and Spatiality“, *Human Studies* 3 (2), 1980, bls. 137–156, hér bls. 139.

¹⁶¹ Sama heimild, bls. 142–144.

Miklar tækni- og samfélagsbyltingar hafa rutt sér til rúms á þeim rúmlega þrjátíu árum sem liðin eru frá grein Young og á árunum eftir efnahagshrunið 2008 virtist hafa myndast svigrúm fyrir konur til þess að láta að sér kveða á ýmsum sviðum samfélagsins.¹⁶² Nefna má auk þess gott gengi íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta sem komst á erlent stórmót 2009, 2013, 2017¹⁶³ og 2022.¹⁶⁴ Þá má einnig benda á stofnun femínistafélaga í mörgum grunn- og framhaldsskólum landsins. Landssamband femínistafélaga í framhaldsskólum var jafnframt stofnað, en það beitti sér fyrir því að kynjafræði yrði skyldugrein í grunn- og framhaldsskólum og hélt auk þess uppi umræðu um margvísleg jafnréttismál.¹⁶⁵ Í stafrænu umhverfi nútímans opnast svo leiðir fyrir konur til þess að breiða úr sér eins og femínískar aðgerðir samfélagsmiðlanna sýna.¹⁶⁶ Með grein Young í huga má velta fyrir sér hvort staf-

¹⁶² Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „2017 – Byltingar og goðsagnir“, *Konur sem kjósa. Aldarsaga*, Reykjavík: Sögufélag, 2020, bls. 637–701, hér bls. 682. Eins og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir fjallar um í sömu bók lauk „testósteróntímanum“ með efnahagshruninu 2008, en það er vísun í tímabilið frá 2000 til októbermánaðar 2008 þar sem tvær karlmennsku myndir voru ráðandi táknmyndir, annarsvegar „umhyggjusami faðirinn“ og hinsvegar „sóknjarfi víkingurinn“. Eftir hrun „voru uppi háværar raddir, sérstaklega í erlendum fjölmiðlum, um að íslenskir karlar hefðu keyrt þjóðfélagið í kaf og nú væri komið að konum að hreinsa til og byggja nýtt Ísland.“ Sjá Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „2003 – Þversagnakenndar ímyndir kvenna“, *Konur sem kjósa. Aldarsaga*, Reykjavík: Sögufélag, 2020, bls. 587–637, hér bls. 629–630.

¹⁶³ Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „2017 – Byltingar og goðsagnir“, bls. 682.

¹⁶⁴ Tvöfalt fleiri áhorfendur horfðu á EM kvenna í fótbolta á mótinu 2022 en sumarið 2017. Sjá Sindri Sveinsson, „Yfir 365 milljónir horfðu á stelpurnar okkar og aðrar á EM“, *Vísir*, 31. ágúst 2022, sótt 5. september 2022 af <https://www.visir.is/g/20222304965d/yfir-365-milljonir-horfdu-a-stelpurnar-okkar-og-adrar-a-em>. Hér má einnig minnst á kraft og árangur bandaríska kvennalandsliðsins í fótbolta, sem náði samkomulagi við stjórn knattspyrnusambands Bandaríkjanna í febrúar 2022 um að greiða leikmönnum kvennalandsliðsins sömu laun og leikmönnum karlalandsliðsins. Sjá Gunnar Birgisson, „Jöfn laun karla- og kvennalandsliða Bandaríkjanna“, *RUV*, 22. febrúar 2022, sótt 5. september 2022 af <https://www.ruv.is/frett/2022/02/22/jofn-laun-karla-og-kvennalandsliða-bandarikjanna>.

¹⁶⁵ Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „2017 – Byltingar og goðsagnir“, bls. 682.

¹⁶⁶ Stafrænt umhverfi ungmenna fær raunar oft neikvæða umfjöllun sem má rekja til tvennskona ótta við síðmennsku (e. *posthuman*), eins og Victora Flanagan hefur fjallað um í bók sinni *Technology and Identity in Young Adult Fiction. The Posthuman Subject* (2014). Annarsvegar er það ótti við að mennskan verði undir í hraðri þróun tækniframfara þrátt fyrir að reynslan sýni að þær hafi aukið gildi og áhrif mennskunnar og breytt lífi mannsins í félagslegu, vitsmunalegu og jafnvel líkamlegu tiliti; hinsvegar ótta við að maðurinn hafi glatað einstaklingshæfni og gerendahæfni

rænt umhverfi femínismans feli í sér stærri „þróttavöll“ og þar með nýjan vettvang til útrásar kvenna? Internetið veitir konum rými fyrir reiðina sem þær hafa bælt í takt við lærða líkamsvitund þar sem þær hafa vanið sig á að taka minna pláss í samfélaginu. Konur nýta hið nýja, stafræna rými til þess að beita líkama sínum í byltingarkenndum tilgangi í myllumerkjaherferðum eins og #freethenipple sem felur í sér berskjöldun þeirra en jafnframt styrk. Internetið býður þó ekki einungis upp á vettvang til félagslegra byltinga heldur einnig rými til áreitni og hótana í garð kvenna sem tjá sig um misrétti.¹⁶⁷ Rannsókn á netniði í garð femínista frá 2016 sýndi að 80% þeirra sem notuðu samfélagsmiðilinn Twitter reglulega til femínískra rökræðna höfðu orðið fyrir netniði.¹⁶⁸ Sama rannsókn leiddi þó í ljós að kvenfjandsamlegt netnið mætti ekki eingöngu rekja til karla heldur áttu konur hugsanlega meirihluta slíkra ummæla – 50% netniðsins voru ummæli frá konum, 40% frá körlum og 10% þeirra frá notendum sem gáfu kyn sitt ekki upp.¹⁶⁹ Því er ljóst að þrátt fyrir femínískan árangur í kjölfar stafrænnar aðgerðarstefnu bendir kvenfyrirlitningin sem lifir góðu lífi á internetinu til þess að samband femínismans við samfélagsmiðla sé í senn árangursríkt og stirt.¹⁷⁰

Þá má finna nýleg dæmi þess í kvennabókmenntum samtímans að röddum kvenna úr fortíðinni sé færð áheyrn og „pláss“ til að segja sína sögu í gegnum bókmenntir. Danska skáldkonan Olga Ravn gaf til að mynda út úrval af ljóðum Tove Ditlevsen¹⁷¹ og hefur tekið til varna fyrir hana á samfélagsmiðlinum Instagram.¹⁷² Bókmenntafræðingarnir Guðrún Stein-

vegna síaukinnar tengingar við stafræn tengslanet sem byggjast á samvinnu manns og tölvu. Victoria Flanagan, *Technology and Identity in Young Adult Fiction. The Post-human Subject*, Hampshire: Palgrave Macmillan, 2014, bls. 1.

¹⁶⁷ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 114.

¹⁶⁸ Sama heimild, bls. 114. 60% Facebooknotenda höfðu sömu sögu að segja, 46% bloggara og 29% þeirra sem tjáðu sig í athugasemdakerfum fréttamiðla. Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 114.

¹⁶⁹ Sama heimild, bls. 117. Í þessu samhengi má nefna einn Facebook-kvannahóp til viðbótar, „Vonda systir“, sem var stofnaður sérstaklega til þess að veita konum rými fyrir „tussugang“ og „skítakomment“, sjá Marta María Jónasdóttir, „Vonda systir opnuð fyrir tíkur og tussur“, *Smartland Mörту Maríu, Mbl*, 10. maí 2016, sótt 6. apríl 2019 af https://www.mbl.is/smartland/stars/2016/05/10/vonda_systir_opnud_fyrir_tikur_og_tussur/.

¹⁷⁰ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 115.

¹⁷¹ *Der bor som ung pige i mig, som ikke vil dø*, 2017, Kaupmannahöfn: Gyldendal.

¹⁷² Olga Ravn sagði þannig frá því á Instagram að mikilsmetið, danskt ljóðskáld (sem hún nafngreindi ekki) hafi tjáð henni þá skoðun sína að það sem hafi verið svo ergilegt við Tove Ditlevsen væri að hún hafi ekki kunnað að skrifa um neitt annað en sjálfa sig, annars hefði hún orðið fær skáldkona. Ravn tók til varna fyrir Ditlevsen

Þórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir gáfu nýlega út greinasafnið *Ástusögur. Um líf og list Ástu Sigurðardóttur* (2021), en þar birtast ný fræðigreinar um ævi og listsköpun skáldkonunnar Ástu Sigurðardóttur (1930-1971). Bent hefur verið á að kalla mætti smásögu Ástu, „Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns“ (1951), fyrstu #MeToo-söguna en þar segir frá kynferðislegu ofbeldi með opinskáum hætti á þeim tíma sem slík mál voru gjarnan þöggvuð niður og voru ekki til umræðu í þjóðfélaginu.¹⁷³

Svo fleiri dæmi séu nefnd um brúun kynslóðabils kvenna og samstöðu þeirra í bókmenntum er ljóðabálkur Gerðar Kristnýjar, *Blóðbófnir* (2010),¹⁷⁴ sem fræðikonan Ása Arping hefur kallað femínískt „talking back“ eða femínískt andsvar.¹⁷⁵ Þar er Gerði Gymisdóttur veitt rödd til þess að segja sína hlið af Skírnis málum. Sama mætti segja um síðari ljóðabækur Gerðar, *Drápu* (2014)¹⁷⁶ og *Sálumessu* (2018),¹⁷⁷ þar sem ljóðmælandi tekur

og sagði að viðhorf á borð við þetta bæri að tortryggja. Það kæmi iðulega frá gagnrýnanda sem gæti ekki séð sjálfan sig í sögu þess sem hann gagnrýnir og afgangur hana í kjölfarið sem óþarft einkamál. Hún rifjaði í sömu færslu upp orð gagnrýnanda Ditlevsen eftir útgáfu *Gift* (1971), sem sagði um verk Ditlevsen að það væri hennar mál að afklæða sig andlega og bókstaflega en það væri ósmekklegt af henni að draga annað fólk inn í sýniþörf sína. Slíkt ætti ekkert skylt við alvöru bókmenntir. Ravn segir að það að ákveða hvað sé alvöru list, líf og bókmenntir sé viðhorf sem geti ekki komið frá góðum lesanda og í lok færslunnar notar hún myllumerkið „#selfiesagainstpatriarchy“ eða „#sjálfurgegnfeðraveldinu“. Sjá Olga Ravn, „First lesson of Selfieskolen“, 31. janúar 2018, sótt 31. janúar 2018 af <https://www.instagram.com/p/Bem1sEelhN0/>.

¹⁷³ Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir ræða í inngangi greinasafnsins að Ásta hafi verið „með fyrstu íslensku móðernísku höfundunum og skrifaði um ýmis málefni sem tengjast reynsluheimi kvenna og sem legið höfðu – og liggja jafnvel enn – í þagnarhjúpi, til dæmis nauðganir, ofbeldi, fátækt, fordóma og drykkju kvenna“. Skáldskapur Ástu eigi vel við í samtíma okkar, þar sem auðvelt sé að greina hliðstæður í skáldskap Ástu og #MeToo-sögunum. Sjá Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Inngangur“, *Ástusögur. Um líf og list Ástu Sigurðardóttur*, Reykjavík: Lesstofan, 2021, bls. 5. Jóna Guðbjörg Torfadóttir hefur jafnframt bent á að kalla mætti smásöguna „Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns“ (1951) fyrstu #MeToo-frásögnina. Sjá Jóna Guðbjörg Torfadóttir, „Fyrsta #metoo sagan?“, *Skáld. Konur skrifa um konur sem skrifa*, 2. apríl 2022, sótt af 20. maí 2022 af <https://www.skald.is/single-post/fyrsta-metoo-sagan>.

¹⁷⁴ Gerður Kristný, *Blóðbófnir*, Reykjavík: Mál og menning, 2010.

¹⁷⁵ Ása Arping, „Krop + sprog = politik. Nordisk lyrik ved ártusindskiftet“, bls. 188.

¹⁷⁶ Gerður Kristný, *Drápa*, 2014, Reykjavík: Mál og menning. *Drápa* er ljóðabálkur sem byggir á sönnunum atburðum og hverfist um kynbundið ofbeldi og morð. Sjá nánari greiningu á *Drápu* í grein Öldu Bjarkar Valdímarsdóttur og Guðna Elíssonar, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, bls. 17–43.

¹⁷⁷ Gerður Kristný, *Sálumessa*, 2018, Reykjavík: Mál og menning. *Sálumessa* byggir

sér stöðu með konum sem beittar voru kynbundnu ofbeldi og lifðu það ekki af. *Smartís*,¹⁷⁸ skáldsaga Gerðar frá 2017, fjallar svo um vinskaf unglingsstelpna á níunda áratugnum þar sem engir strákar eða karlmenn koma við sögu svo máli skipti fyrir söguþráðinn. Vinskafur stúlkanna og flókið samskiptakerfi unglingsáranna er þannig í forgrunni. Þá má einnig nefna *Mörk: saga mömmu* (2015)¹⁷⁹ sem er saga Guðbjargar Þórisdóttur, skráð af dóttur hennar, Þóru Karítas Árnadóttur, en með hjálp opinskárrar frásagnar móðurinnar af kynferðislegri misnotkun sem hún varð fyrir árum saman sem barn og afleiðingum hennar ljær yngri kynslóð þeirri eldri rödd í krafti félagslegs svigrúms til þess að skila skömm til gerenda og létta á hjarta sínu. Reiði dótturinnar er þar með virkjuð og skömm móður skilað til gerandans í krafti mæðgnasambands og femínískra aðgerða samtímans.¹⁸⁰

Mæðgnasambönd og móðurhlutverk í tengslum við kvennasamböndu og systralag eru þemu sem skáldkonur virðast ræða sem hluta af uppgjöri við fortíð sína. Mæðgna- og kvennasambönd eru minni sem liggja sem rauður þráður í verkum Auðar Jónsdóttur þar sem konur í sögum hennar eru allar „mótaðar af sambandi eða sambandsleysi við mæður sínar“, eins og Katrín Jakobsdóttir hefur rakið í grein sinni um valin verk Auðar.¹⁸¹ Fleiri dæmi mætti tína til: Í ljóðinu „Mamma guð“ eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur, sem birtist í ljóðabókinni *Blótgelur* (2007), má sjá dæmi um mæðgnasamband sem einkennist af togstreitunni við að aðgreina sig frá móður sinni til þess að geta skilgreint eigið sjálfstæði, en endar með þakklæti og sáttt¹⁸² og fyrsta ljóðabók Fríðu Ísberg, *Slitförin* (2017),¹⁸³ hverfist um slitför barns frá móður og föður í leit að eigin sjálfsmynd.

einnig á raunverulegu máli, en hún fjallar um unga konu sem var beitt kynferðislegri misnotkun af hálfu bróður. Gerður Kristný tók viðtal við konuna sem svipti sig lífi áður en það kom út árið 2003.

¹⁷⁸ Gerður Kristný, *Smartís*, 2015, Reykjavík: Mál og menning.

¹⁷⁹ Þóra Karítas Árnadóttir, *Mörk. Saga mömmu*, 2015, Reykjavík: Mál og menning.

¹⁸⁰ Dagný Kristjánsdóttir hefur fjallað um *Mörk. Saga mömmu* og fleiri bækur sem hverfast um ofbeldi gegn börnum í grein sinni „Sögur af börnum“, *Tímarit Máls og menningar*, 4. hefti, 2020, sótt 21. ágúst 2022 af <https://tmm.forlagid.is/sogur-af-bornum/>. Aðrar bækur sem Dagný fjallar um eru *Myndin af pabba. Saga Thelmu* (2005) eftir Gerði Kristnýju, *Ekki líta undan. Saga Guðrúnar Ebbu, dóttur Ólafs Skúlasonar biskups* (2011) sem Elín Hirst skráði, *Hljóðin í nóttinni* (2014) eftir Björgu Guðrúnu Gísladóttur og *Manneskjusaga* (2018) eftir Steinunni Ásmundsdóttur.

¹⁸¹ Katrín Jakobsdóttir, „Mömmur, ömmur, dætur. Hugleiðing um sköpun kvenna í sögum Auðar Jónsdóttur“, *Skírnir*, 188 (haust), 2014, bls. 301–322, hér bls. 317.

¹⁸² Kristín Svava Tómasdóttir, *Blótgelur*, Reykjavík: Bjartur, 2007, bls. 22–23.

¹⁸³ Fríða Ísberg, *Slitförin*, Reykjavík: Partus, 2017.

Titilljóðið í bók Fríðu undirstrikar það að ljóðmælandi, sem er kona, neitar að hengja sig fasta við móður og móðurkvið. Bókin skiptist í þrjá hluta sem vísa til kvenlíkamans eftir fæðingu; skurður, slitför og saumar, og minnr á að aldrei er hægt að slíta sig frá uppruninum þar sem hann er merktur á móðurlíkamanum. Í titilljóðinu líkir ljóðmælandi líkama móður sinnar við fangelsi sem dóttirin brýst út úr: „héðan / segir hún og bendir / þú komst / út úr maganum á mér / áherslurnar hristast í / höndunum / eins og rimlar / nei / segir þú / ég fór þaðan“¹⁸⁴. Í öðru ljóði, „Lok, lok og læs“, er móðurinni úthýst og líkt við náttúruhamfarir: „það gerist hljóðlega / eins og að halla hurð / á vel smurðum hjörum / að þú lokar fyrir / reisir eldveggi / reisir snjóflóðavarnir / skerð á línuna / byrgir þig inni / þangað sem hún kemst ekki“.¹⁸⁵ Síðar virðast mæðgurnar rýna betur í samband sitt, eins og sjá má í ljóðinu „Saumar“: „við förum í saumana / í sporin / Gerum okkur jafngamlar / 24 ára dóttir að tala við / 24 ára nýbakaða móður sína [...] / Sprettum því upp / sem illa var stoppað / Gröfturinn gýs upp / úr skurðinum [...] / eins og við séum / ekki gerðar úr öðru / en sýkingu“.¹⁸⁶ Að lokum virðast mæðgurnar ná samkomulagi um að leyfa sárum að gróa, ganga „framhá elfallinu“ þrátt fyrir að enn megi „pota í sárið, / finna hvar blæddi“.¹⁸⁷ Kvennasamstaða myndast að hætti annarrar bylgju – dætur og mæður mætast á miðri leið og brúa kynslóðabilið.

Kvennasamstaða felur í sér áherslu á virkni kvenna, að reiði þeirra sé knúin áfram í femínískum aðgerðum. Það felur í sér hvatningu til kvenna um að deila sögum úr lífi sínu, eins og rakið hefur verið í tengslum við myndun fjórðu bylgjunnar. Hið persónulega er pólitískt hér eftir sem hingað til þrátt fyrir bakslagið sem varð í uppgangi einstaklingshyggjunnar í vestrænum heimi. Ungar konur taka sig nú saman og gefa út ljóðabækur og sum skáld safna saman fyrir útgáfu bóka á Karolina Fund. Hópurinn Svíkaskáld, sem samanstendur af Fríðu Ísberg, Melkorku Ólafsdóttur (1981), Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur (1988), Sunnu Dís Músdóttur (1981), Þóru Hjörleifs-dóttur (1986) og Þórdísi Helgadóttur (1981), er dæmi um slíka samstöðu en hópurinn hefur gefið út þrjár safnljóðabækur og eina skáldsögu. Hér að framan hefur fullkonnunarárátta verið stuttlega rædd og skaðlegar afleiðingar hennar í samfélagi fegurðardýrkunar. Svíkaskáld vinna gegn ríkjandi viðmiðum, komu saman í „uppreisn gegn fullkonnunaráráttunni og svíkara-

¹⁸⁴ Sama heimild, bls. 24.

¹⁸⁵ Sama heimild, bls. 17.

¹⁸⁶ Sama heimild, bls. 56.

¹⁸⁷ Sama heimild, bls. 61.

heilkenningu – að líða eins og kona sé aldrei nógu góð¹⁸⁸ eins og Fríða Ísberg orðaði það í viðtali um stofnun hópsins. Í sama viðtali segir hún að hún myndi ekki skilgreina hópinn sem femínískan, þrátt fyrir að vera allar femínistar, en að þarna séu þær þó samankomnar, sex konur, í „einhverskonar vígahug“.¹⁸⁹ Orð Fríðu má setja í samhengi við grein Young, sem fjallað var um hér að framan, og einkenni fjórðu bylgjunnar sem meðal annars virðist fela í sér að „taka pláss“ sem Svikaskáld gera í ljóðasenuinni með því að finna styrk í samstöðu og koma fram sem hópur.

Fyrsta ljóðabók Svikaskálda, *Ég er ekki að rétta upp hönd* (2017), býður meira að segja upp á ljóðið „Það er auðveldara að vera konan sem býr til pláss“, eftir Þóru Hjörleifs dóttur. Lesandi þess er svo gott sem neyddur til þess að sýna ljóðinu sérstaka athygli en það er fjórtán orð og þekur fjórar blaðsíður: „Það er auðveldara að vera konan sem býr til pláss / en / sú / sem / tekur“.¹⁹⁰ Ádeilunni er komið til skila á írónískan hátt – ljóðmælandi býr til pláss og tekur það líka, seinni hluti setningarinnar („en / sú / sem / tekur“) þekur þrjár blaðsíður en fyrri hlutinn einungis eina blaðsíðu.

Ég er ekki að rétta upp hönd hefst á ljóðinu „Svik“, eftir Sunnu Dís Másdóttur. Uppreisnartónninn er sleginn strax með upphafslínunum, „[v]ið hinar svikulu / tómar komnar tómar“.¹⁹¹ Kynslóðatengd reiðin magnast upp eftir því sem ljóðinu vindur fram: „[H]ristum þrjár okkar úr borðdúknum / dreifum mylsnunni fyrir klórandi spörfugla / berjum löngun okkar úr mottunni / og biðjum vindinn að öskra leyndarmál okkar á toppi / fjallsins“.¹⁹² Þannig mætti segja að ljóðið eigi í samræðu við frægt ljóð Ingibjargar Haraldsdóttur, „Kona“ (1983), þar sem segir meðal annars að það komi „alltaf einhver kona / að taka af borðinu / sópa gólfíð og opna gluggana / til að hleypa vindlareyknum út“¹⁹³ eftir samsæti karlmanna þar sem heimsmálin eru rædd. Í „Svikum“ magnast reiðin upp úr gömlum kynhlutverkum, borðdúkurinn sem konur hafa saumað, sléttað, raðað á og tekið af er hristur og

¹⁸⁸ Jón Örn Loðmfjörð, „Öll ljóð eiga klisju yfir höfði sér. Viðtal við Fríðu Ísberg“, *Starafugl*, 16. október 2017, sótt 1. ágúst 2018 af <https://starafugl.is/2017/oll-ljod-eiga-klisju-yfir-hofdi-ser/>.

¹⁸⁹ Sama heimild.

¹⁹⁰ Þóra Hjörleifs dóttir, „Það er auðveldara að vera konan sem býr til pláss“, ritstjóri Soffía Bjarnadóttir, *Ég er ekki að rétta upp hönd*, Reykjavík: Svikaskáld, 2017, bls. 48–51.

¹⁹¹ Sunna Dís Másdóttir, „Svik“, *Ég er ekki að rétta upp hönd*, ritstjóri Soffía Bjarnadóttir, Reykjavík: Svikaskáld, 2017, bls. 7.

¹⁹² Sama heimild.

¹⁹³ Ingibjörg Haraldsdóttir, *Orðspor daganna*, Reykjavík: Mál og menning, 1983, bls. 38.

úr honum koma þrjár þeirra sem hafa sest í hann. En þrátt fyrir að reiðin magnist er hún innhverf. Hún stigmagnast í samstöðunni, með fleirtölu-myndinni, en bælist innra með fjöldanum sömuleiðis. Í þeim skilningi mætti segja að reiðin sé vakin en ekki virkjuð. Líkamleikinn og kvenlæg reiðin renna saman í eitt þegar langanir og þrjár eru barðar burt með heimilis-störfunum en niðurstaðan er bæld reiði eins og segir í lokálfinu ljóðsins: „við rísunum við / svíkjum líkama okkar / tunglið / svíkjum sjávarföllin / kyngjum reiðinni / kyngjum pillunum / bræðinni / kyngjum og“.¹⁹⁴ Hér er þó eitthvað meira eftir ósagt og ógert – og ef til vill ekki langt í að reiðin verði virkjuð. Það rímar við aðdraganda fjórðu bylgjunnar – *Ég er ekki að rétta upp hönd* kom út orfáum mánuðum fyrir #höfumhátt og #MeToo.

Í ljóðinu „Artemis“ eftir Þóru Hjörleifsdóttur brýtur gríska veiðigyðjan sér leið í gegnum feðraveldið, snýr við og varar kynsystur sínar við því mis-rétti sem hún sér og verður á vegi hennar. Feðraveldinu er líkt við tvær girðingar sem hún verður að komast í gegnum til þess. Ljóðið hefst á lín-unni „Hún fer léttfætt meðfram girðingunni“¹⁹⁵ og sýnir einurð hennar og baráttuvilja: „það hlýtur að vera gat eða dæld eða hola / sem hún kemst í gegnum / þótt hún hruflist / þótt hún blotni / þótt hún hafi aldrei farið svona langt / heldur hún áfram“, sem minnir lesanda á að hver og ein kona verði að vera kynjapólitískt meðvituð og hafa baráttuþrek. Þrekið þarf að virkja „innávið“ (innhverf, vakin reiði), en það verður að viðhalda því til þess að komast „uppímóti“ (virkjuð reiði) og þess vegna kemst Artemis leiðar sinnar í gegnum allar hindranir: „kjarrið flækist um fætur hennar / klórar sig upp ber lærin / en hvísl og þukl er löngu hætt að hægja á henni“. Lokametrarnir eru brattastir og síðari girðingin er „eldri, formfastari“ og „verri viðsnún-ings“. Hún kemst þó á endanum leiðar sinnar, „lengra upp“, en á toppnum sér hún „hvað kemur / hvað mun koma“ og „verður að vara hinar við“ – en þegar hún gerir tilraun til þess er þeim orðum drekkt í „söltum og ilm-kjarnaolium“.¹⁹⁶ Spennunni milli femínista sem vilja róttækar aðgerðir ann-arsveggar og póstfemínista hinsveggar er þar með lýst þar sem póstfemínistar gera lítið úr þörfinni fyrir aðgerðir og drekkja varnaðarorðum Artemis með því að setja hana í það, sem minnir á póstfemínískar áherslur á sjálfsrækt.

Samræða við fyrri kynslóðir og kvenlæg þemu eru einnig á takteinunum í síðari bók Svíkaskálda, *Ég er fagnaðarsöngur*, sem kom út á kvenréttinda-

¹⁹⁴ Sunna Dís Másdóttir, „Svík“, bls. 7.

¹⁹⁵ Þóra Hjörleifsdóttir, „Artemis“, *Ég er ekki að rétta upp hönd*, ritstjóri Soffía Bjarna-dóttir, Reykjavík: Svíkaskáld, 2017, bls. 18–19, hér bls. 18.

¹⁹⁶ Sama heimild, bls. 18–19.

deginum 19. júní 2018. Bókarkápana prýðir mynd úr seríu Elínar Elísabetar Einarsdóttur, Pink ladies, sem er vísun í stelpugengið úr söngleikjamyndinni *Grease* (1978). Myndasería Elínar Elísabetar einkennist þó ekki af bandaríska vinkonuhópnum góðkunna í bleiku jökkunum, heldur stórum, nöktum tröllskessum, bleikum á lit. Skessan á bókarkápu Svikaskálda liggur í makindum sínum upp við rauðbleikt grjótt, lygnir aftur augum og breiðir úr sér í náttúrulegu umhverfinu og er þar að auki með áberandi svört hár á kálfunum. Bleika daman neitar að biðjast afsökunar á tilveru sinni eða minnka sig á nokkurn hátt.

Í ljóði Sunnu Dísar Másdóttur, „Bogi“¹⁹⁷, hljóma raddir kvenna af tveimur kynslóðum. Amma beinir tilmælum til ljóðmálenda um líkamsburð og ljóðmælandi beinir samskonar tilmælum til systur sinnar. Öll eru þau framsett til þess að hlúa að líkamanum, ytra yfirborði hans, en þau fela þó í sér stigmagnandi uppreisnartón. Amman segir: „Krosslegðu ekki fótleggi“, annars komi æðahnútar. Ljóðmælandi ráðleggur systur sinni svo að sitja bein í baki og sitja gleið sem vísar í hvatningu til kvenna um að „taka pláss“. Að lokum segir hún systur sinni að spenna „lífbeinið mót þeim / eins og boga“ sem eru uppreisnarkennd skilaboð þar sem kvenlíkaminn er notaður til þess að tákna vopnaburð og uppreisn.

Lokaorð

Þrátt fyrir aukna umræðu um kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á því tímabili sem hér hefur verið gerð tilraun til þess að skilgreina sem fjórðu bylgju femínismans er mikilvægt að muna að hver bylgja byggir á þeirri sem á undan kom og áherslur þeirra allra blandast svo saman.¹⁹⁸ Aukin umræða um kynferðisofbeldi kemur ekki af sjálfu sér og er möguleg í kjölfar ávinningsa fyrri bylgja, til dæmis með kröftugum mótnælum Rauðsokkahreyfingarinnar, opnun Stígamóta og opinskárra frásagna kvenna af kynferðisofbeldi og afleiðingum þess, eins og sjá má í *Myndinni af pabba. Sögu Thelmu* (2005), sem Gerður Kristný skráði, og annarra kvennabókmennta sem fjalla um kynferðisofbeldi þegar samfélagið var ekki eins opið fyrir slíkri umræðu og það er í dag. Víst er að bókmenntir og önnur listsköpun kvenna veita femínisma nauðsynlegt afl. Verk þeirra skáldkvenna sem hér hafa verið til umfjöllunar minna á mikilvægi kvennasamstöðu og að baráttunni megi aldrei taka

¹⁹⁷ Sunna Dís Másdóttir, „Bogi“, *Ég er fagnaðarsöngur*, ritstjóri Steinunn Sigurðardóttir, Reykjavík: Svikaskáld, 2018, bls. 48.

¹⁹⁸ Nicola Rivers, *Postfeminism(s) and the arrival of the fourth wave*, bls. 20, 29.

sem sjálfgefinni. Reiði kvenna finnur sér farveg í ýmiskonar listsköpun,¹⁹⁹ kvennabókmenntir og listir gegna enn veigamiklu hlutverki til þess að virkja reiðina. Þær bókmenntir sem hér hefur verið fjallað um minna á margþætt misréttið. En hver og ein verður þó að virkja kynjapólítíska meðvitund sína eigi eitthvað að breytast til frambúðar,²⁰⁰ eða eins og Artemis úr samnefndu ljóði Þóru Hjörleifsdóttur komst að orði: „leiðin er innávið og uppímoti.“²⁰¹

ÚTDRÁTTUR

Femínískri umræðu hefur vaxið fiskur um hrygg á samfélagsmiðlum síðustu ár. Hér á landi hefur aðdragandi fjórðu bylgju femínismans verið býsna öflugur og aðgerðir undir svokölluðum myllumerkjum (e. *bashtag*) vakið athygli og jafnvel leitt til falls ríkisstjórnar og alþingiskosninga eins og umræðan undir #Höfumhátt sýndi árið 2017. Femínísk umræða síðustu ára hefur að miklu leyti hverfst um kynferðisofbeldi, sem endurspeglast í aðgerðum á borð við framangreinda #Höfumhátt en jafnframt í hinni alþjóðlegu #MeToo-hreyfingu og Brjóstabyltingunni (e. *free the nipple*). Kvenlíkaminn er þannig óhjákvæmilega miðlægur í þessum áherslum og aðgerðum.

Markmið þessarar greinar er að fjalla um aðdraganda fjórðu bylgju femínismans í íslensku samfélagi og bókmenntir ungra, íslenskra kvenna sem innlegg í baráttuna og samband þeirra við kvenlíkamann. Í stuttu máli endurspeglar þetta samband ýmiskonar togstreitu sem rekja má til fegurðar- og hegðunarkrafna sem fjölmiðlar eiga stóran þátt í að magna upp og þeirrar ógnar sem stafar af ofbeldi af hálfu karlmannna. Skáldkonurnar nota líkamlegt myndmál með margvíslegum hætti og svar þeirra birtist meðal annars í ákalli um uppreisn og kvennasamstöðu þvert á kynslóðir.

Lykilorð: Fjórða bylgja femínismans, íslenskar kvennabókmenntir, kvennasamstaða, samfélagsmiðlar, #Höfumhátt, #MeToo.

¹⁹⁹ Andrea Juno og V. Vale (ritstjórar), *Angry Women*, San Francisco: Re/Search Publications, 1991, bls. 5.

²⁰⁰ Sama heimild, bls. 5.

²⁰¹ Þóra Hjörleifsdóttir, „Artemis“, bls. 18–19.

ABSTRACT

„the path leads inwards and upwards“.

Fourth-wave feminism and Icelandic women’s literature.

Feminist discourse has become increasingly prominent on social media in the past few years. In Iceland, the run-up of feminism’s fourth wave has been quite vigorous. Feminist online activism has made an impact; the Icelandic #Höfumhátt-movement, for example, brought down a government leading to new elections in 2017. Feminist online discourse of recent years revolves largely around discussions about sexual violence as the aforementioned #Höfumhátt-movement demonstrated, as did the international #MeToo-movement and #freethenipple. The female body is, therefore, undeniably at the center of this activism.

The aim of this article is to discuss the antecedents of the fourth wave of feminism in Icelandic society, in addition to analyzing young Icelandic women’s literature as their contribution to the contemporary women’s rights movement, with a focus on their relationship with the female body in their writing which, in short, is marked by various conflicts. This strained relationship comes as a result of appearance and behavioral standards which are largely intensified by the media, as well as from living in threat of sexual violence on behalf of men. The women writers employ various kinds of physical imagery in their creative output, and their answer to violence and beauty standards can be seen as a plea for a revolt and solidarity across generations.

Keywords: Fourth-wave feminism, Icelandic women’s literature, women’s solidarity, social media, #Höfumhátt, #MeToo.

ÁSDÍS HELGA ÓSKARSDÓTTIR

MA í íslenskum bókmenntum

Viðbótardiplóma í menntun framhaldsskólakennara

aho10@hi.is

